



# Leikskólinn Langholt

2023 – 2024



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024 .....	4
3.	Innra mat deilda .....	5
3.1	Rauðaland .....	5
3.2	Gulaland .....	8
3.3	Bláalandi .....	11
3.4	Undraland .....	15
3.5	Lundur .....	19
3.6	Skáli.....	23
3.7	Dvergaland .....	28
3.8	Furðuland .....	34
3.9	Álfaland.....	38
4.	Innra mat sérkennslu.....	44
5.	Innra mat – fjöltyngd börn .....	45
6.	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	47
7.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frísundamiðstöðva .....	47
8.	Foreldrasamvinna.....	47
9.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	48
10.	Fylgigögn.....	48
10.1	Fylgiskjal 1 Leikskóladagatal Langholts.....	48

## 1. Greinargerð leikskólastjóra

Í leikskólanum Langholti starfar metnaðarfullur starfsmannahópur þar sem vinna saman leikskólakennarar, þroskaþjálfar, uppeldis og menntunarfræðingar, leikskólaliðar og fleiri einstaklingar sem búa yfir mikilli þekkingu og reynslu. Saman vinnum við að því að láta drauma rætast.

Haustið 2022 fór vel af stað, en við höfum leikskólaárið full mönnum og tilbúin í að vinna gott starf fyrir börnin í borginni. En því miður fór snemma á skólaárinu að tynast úr hópnum og starfsmenn sem voru nýbyrjaðir sögðu upp störfum og leituðu á önnur mið. Strax í október þurftum við því að grípa til faliðunnar og senda börn heim. Eina deild í einu níu daga í röð. Þannig náðum við aðeins að minka álagið á starfsfólkið og hlúa betur að þeim 60 börnum sem við vorum búin að aðlaga í leikskólann.

Í desember fengum til okkar reynslumikinn fyrrum leikskólastjóra sem kom með frábærar áherslur inn í leikskólastarfið í vinnu með læsi. Einnig starfaði hún sem aðstoðarleikskólastjóri í 49,9% starfi. Við fórum af stað með teymisvinnu í læsi og útinámi þvert á aldur þannig að það var einn fulltrúi fyrir hvert aldursár. Þeir sem voru í teymunum voru sammála um mikilvægi þess að hittast, bera saman bækur og ná faglegu samtali. Markmiðið var að ná sem bestri samfellu í gegnum leikskólagönguna. Ekki náðist að fylgja eftir teymisvinnunni út skólaárið því miður, en við sjáum fyrir okkur að hefjast strax handa á nýju skólaári.

Í mars 2023 kom loksins aðstoðarleikskólastjóri í 100% starf. Hún Steinunn Huld Gunnarsdóttir og var það mikill léttir fyrir undirritaða enda búin að vera án aðstoðarleikskólastjóra síðan janúar 2022. Steinunn Huld er með M.Ed. í Leikskólakennarafræðum og býr yfir mikilli reynslu í leikskólamálum og við vorum heppin að fá hana í okkar hóp.

Í maí hófust rannsóknir á loftgæðum í Langholti og kom í ljós að við þurftum að fara í framkvæmdir vegna myglu. Mótvægisaðgerðir hófust strax og standa enn yfir. Einnig hófust framkvæmdir á Smálöndum en það er færanleg kennslustofa á leikskólalóðinni. Þar er verið að útbúa betri aðstæður fyrir börn og starfsfólk. Framkvæmdin stendur enn yfir.

Við bindum miklar vonir við skólaárið 2023- 2024 og vonumst til þess að geta lagt enn meiri áherslu á faglegt starf, teymisvinnu, leikinn og starfsþróun. Næsta vor förum við í námsferð

til Berlín þar sem við munum fá fræðslu á vegum *Leikur að læra* þar sem lögð verður áhersla á að börn fái að upplifa nám með því að spila, hreyfa og skynja.

## 2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

UMBÓTAPÁT TUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
<b>Upplýsinga flæði</b>	Að auka upplýsingaflæði til allra starfsmanna	Reglulegir tölvupóstar til starfsmanna Koma öllum á work place	Leikskólastjóri i og aðstoðarleiks kólastjóri.	Sept. 2023	Vinna sem er stöðu gt í gangi.	Spyrja deildarstjóra á deildarstjórafundum. Gera könnun á starfsdegi.	Allir starfsme nn glaðari þegar þeir eru vel upplýstir.
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
<b>Teymisvinna</b>	Koma af stað vinnu í áherlsupáttun um læsi, útinám og íslenska sem annað mál.	Festa reglulega fundir strax í upphafi annar.	Leikskólastjóri i og aðstoðarleiks kólastjóri.	Sept. 2023	Mái 2024	Endurmat 2x á ári með deildarstjórum.	
<b>Leikur að læra</b>	Innleiða LAL	Fá grunnkennslu fyrir alla starfsmenn	Leikskólastjóri i og aðstoðarleiks kólastjóri.	Námsferð vor 2024			
<b>Mannauður/ Leikskólabragur</b>							
<b>Einkunnarorð</b>	Vinna með einkunnarorðin Virðing, Gleði, Vinátta og gera þau sýnileg.	Ræða á starfsdögum	Leikskólastjóri i og aðstoðarleiks kólastjóri.				
<b>Starfsánægja</b>	Vinna með hvatningu og starfsánægju	Fá fyrirlestur á starfsdegi sem við	Leikskólastjóri i og	Vinna sem er	Vinna sem er	Viðhorfskönnun til starfsmanna.	

	kemur starfsanda og almennri gleði.	aðstoðarleiks kólastjóri.	stöðu gt í gangi.	stöðu gt í gangi.		
--	-------------------------------------	---------------------------	-------------------	-------------------	--	--

### 3. Innra mat deilda


#### 3.1 Rauðaland

Á Rauðalandi í vetur voru 13 börn fædd 2021. Í apríl fengum við 2 börn í aðlögun fædd árið 2022 og þá fluttust 2 börn frá okkur og yfir á Gulalaland.

#### Læsi/málörvun

Málörvun er hluti af öllu daglegu starfi hjá okkur og við nýtum öll tækifæri t.d. í leik, við matarborðið, á skiptitímum og í fataklefanum. Við erum mjög meðvituð um að setja orð á allar athafnir og endurtaka rétt það sem börnin eru að segja. Þannig erum við góðar málfrimmyndir og börnin fá stöðuga málörvun yfir daginn.

Strax í haust kynntumst við öll Lubba enda er hann alltaf inni á deild og börnin fá að vera með hann eins og þau vilja. Við tókum hvert máhljóð fyrir í tvær vikur í senn og hefur það gengið mjög vel. Eins höfum við verið að vinna með tákn með tali og erum með tákn fyrir tvær vikur eins og með Lubba máhljóðið. Það hangir svo alltaf uppi í fataklefanum hvaða máhljóð við erum með hverju sinni, hvaða lag tilheyrir því og hvaða tákn við erum að vinna með auk þess sem við sendum þær upplýsingar til foreldra svo hægt sé að vinna með það heima líka.



Eftir áramót fengu börnin að taka litla Lubba með sér heim eina helgi. Honum fylgdi



taska með möppu þar sem hægt var að skrá niður hvað var gert með honum og stundum fylgdu myndir með, skráningin fór svo í ferilmöppuna.

Lubbahringirnir hanga uppi á vegg inni á deild og þar hanga líka málhljóð vikunnar og táknið okkar. Að hafa þetta sýnilegt minnir okkur öll á hvað við erum að vinna með hverju sinni. Bókstafir og tölustafir eru hangandi uppi á vegg og börnin hafa aðgang að bókum til að skoða, ferilmöppur barnanna eru aðgengilegar fyrir þau svo þau geta náð í þær sjálf og skoðað eins og þau vilja.

Við skiptum börnunum í tvo til þrjá hópa í samverustundum og erum með tvær samverustundir á dag þar sem við erum að syngja, spjalla saman og lesa bækur. Allar samverustundir byrja á því að fara yfir Lubbamálhljóðið og syngja lagið sem tilheyrir því. Við erum með samverukassa sem er ætlaður fyrir samverustundir en þar eru t.d. bækur og lagalista til að nýta sér. Samverustundir nýtum við líka m.a. í að læra að telja, teljum hvað margir eru í samveru, teljum fingurna og tærnar. Við lærum hvar augun okkar eru, nef, eyru, munnur, olnbogi, hné, haka, enni, axlir o.fl.

Annars erum við að lesa og skoða bækur með börnunum öðru hvoru yfir daginn alla daga og við höfum verið sérstaklega dugleg að lesa í vetur. Þegar tími gefst yfir daginn grípum við tækifærið og setjumst niður í lestrarstund þar sem börnin hafa kost á því að koma og vera með ef þau vilja. Sum geta setið og hlustað á hverja bókina á fætur annarri á meðan önnur endast stutt en það er líka bara allt í lagi því þessar stundir eru hugsaðar þannig að börnin ráða sjálf hvort þau eru með og hversu lengi þau eru.

Við erum svo með auka málörvunarstundir fyrir þau sem þurfa og skráum niður þegar við heyrum að það bætist við orðaforðann.

**Tækifæri til úrbóta:** Við ætluðum að vera dugleg að kenna börnunum þulur og rím en gerðum það ekki svo við stefnum á að bæta úr því og vera með lagalista, þulur og rím fyrir hvern mánuð.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

Pulur og rím	Kenna einfaldar pulur og rím	Að skipuleggja þulur, rím og lagalista fyrir hvern mánuð.	Deildarstjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk deildarinnar vinnur saman að markmiðum.	Þegar aðlögun er lokið	Vor 2024	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og skráningar.	Aukinn skilningur og orðaforði.
--------------	------------------------------	---	---	------------------------	----------	---	---------------------------------

## Útivera/Útinám

Við förum daglega í útiveru og þá þössum við upp á að það séu fáir í einu í fataklefanum. Við gefum okkur góðan tíma og hvetjum börnin til að æfa sig í að klæða sig í og úr og að ganga frá fötunum í hólfið sitt þegar þau koma inn. Við hvetjum þau líka til að hjálpa hvort öðru ef þau geta og það finnst þeim oft mjög gaman. Við erum stöðugt að hvetja börnin áfram til að gera sjálf og til þess þarf að leyfa þeim að prófa. Við erum til staðar og aðstoðum, hvetjum þau áfram og hrósum þeim fyrir „litlu sigrana“.

Þar sem börnin hjá okkur voru mjög ung voru markmiðin fyrst og fremst að þau öðlist öryggi í



okkar umhverfi og njóti útiveru í alls konar veðri. Við leggjum áherslu á orðaforða tengdum útifötum og veðri, fylgjumst með veðrinu og hvernig best er að klæða sig eftir því. Við fylgjumst með fuglum og flugvélum, skoðum trén í garðinum og leitum að ornum svo eitthvað sé nefnt.

**Tækifæri til úrbóta:** Stefnan var svo að fara smám saman út fyrir leikskólalóðina í stuttar gönguferðir, að börnin læri að ganga í röð og fylgja hópnum. Við gerðum ekki nóg af því og það er aðallega vegna þess að við vorum ekki með það inni í skipulaginu hjá okkur, þar þurfum við klárlega að gera betur. Þegar aðlögun er lokið þurfum við að fara að huga að því hvernig við viljum hafa útinámið miðað við þann hóp sem við erum með. Við þurfum að setja það inn í skipulagið okkar og ætla okkur ekki of mikið.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að útinám verði fastur liður í starfinu. Að börnin njóti sín í útiveru í allskonar veðri	Skipuleggja útinámið fyrir fram.	Deildarstjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk deildarinnar vinnur saman að markmiðum.	Þegar aðlögun er lokið	Vor 2024	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og skráningar.	Aukinn áhugi og úthald í útinámi og útiveru.



## Íslenska sem annað mál

Við erum mjög meðvituð um að setja orð á alla hluti og athafnir og nýtum allar stundir (fataklefi, matartíminn, skiptitímar). Við reynum að vera skýr í tali, endurtökum á réttan hátt og gefum einföld og skýr fyrirmæli. Höfum líka verið með auka málörvunarstundir. Í fataklefanum eru fánar landanna uppi og kveðjur á þeirra tungumáli.

**Tækifæri til úrbóta:** Við höfum ekki verið nógu dugleg að vinna markvisst með 10 mínútna regluna og þurfum að bæta úr því. Við erum meðvituð um hana en höfum ekki náð að festa hana í sessi og skrá niður.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
10 mínútna reglan	Að festa 10 mínútna regluna í sessi	Gera skráninguna skilvirka	Deildarstjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk deildarinnar vinnur saman að markmiðum.	Þegar aðlögun er lokið	Vor 2024	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og skráningar.	Að öll börn njóti sín og skilji það sem fram fer.  Verði ófeimin við að tjá sig. Að öryggi þeirra og málþroski aukist.


## 3.2 Gulaland

Á þessu námsári voru fimmtán börn á Gulalandi öll fædd árið 2020 og 2021. Á deildinni voru átta stelpur og sjö strákar. Í mars hætti hjá okkur stelpa fædd 2020. Í apríl færðist stelpa fædd árið 2020 yfir á Bláaland og komu til okkar tvær stelpur fæddar 2021.

### Læsi

Á Gulalandi vinnum við með Málhljóð Lubba. Tekin var ákvörðun í byrjun hausts að allar yngri deildirnar myndu byrja á sama tíma með hvert málhljóð og að hvert málhljóð var tekið fyrir í tvær vikur. Á morgnana er börnunum skipt niður í þrjá hópa þar sem farið var í Lubbastund alla daga. Í þessum hópum var einnig farið yfir dagskipulagið myndrænt.

Á deildinni eru síðan alltaf bækur í þeirra hæð sem eru aðgengilegar fyrir þau. Þau sækjast mikið í að skoða bækurnar og eru þær lesnar ef þau biðja um það.





Áhersla er lögð á að bjóða börnunum að skoða bók eftir matinn. Þá skila þau disknum sínum, þvo hendur og fá að velja sér bók til að skoða. Þetta fyrirkomulag skapaði mun meiri ró eftir matartímana. Einnig er alltaf jákvæður ávinningur í því að bjóða bók og börnin læra að ganga vel um bækurnar. Við sjáum það hjá okkur. Deildarstjóri keypti inn fleiri harðspjaldabækur sem eru í boði fyrir börnin í öllum rýmum þegar þau vilja.



Læsissteymi leikskólans vann vel í vetur. Starfsmaður Gulalands var í teyminu og kom öllum þeim verkefnum og hugmyndum sem teymið lagði upp með vel inn í starf deildarinnar. Læsissteymið setti einnig af stað bókakassa sem fóru á milli deilda mánaðarlega. Þeir nýttust afar vel hjá okkur á Gulalandi. Einnig var lagt upp með flæðilestur og skráningar á flæðilestri á deildinni. Þannig er haldið utan um og fylgst með ef einhver börn fá ekki lestur eins oft og önnur. Valin var bók vikunnar og bókaormur unnin í tengslum við bók vikunnar.

Þar sem börnin á Gulalandi eru mjög ung erum við mjög meðvituð um að setja orð á allar athafnir í daglegu starfi hjá okkur og endurtaka það sem þau segja við okkur. Þannig erum við góðar málfyrirmyndir fyrir börnin á deildinni og börnin fá stöðuga málörvun yfir daginn. Helstu styrkleikar við það eru þeir að öll börn fá málörvun allan daginn og það oft á dag. Kosturinn við að skipta þeim í minni hópa alla daga er sá að hvert og eitt barn fær aukinn tíma með kennaranum og þau fá tækifæri til þess að læra í rólegu umhverfi. Við náðum að syngja öll þau málhljóð sem við höfðum ætlað okkur og komumst mun lengra en upphaflega planið var, sem er mjög jákvætt.



**Tækifæri til umbóta:** Byrja fyrr með flæðilestur og skráningar á þeim.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Flæðilestur og Skráningar á þeim	Byrja að skrá niður flæðilestur fyrr um haustið.	Hengja skráningarblað upp strax um haustið og minna hver aðra á að skrá	Allir á deild	Sept. 2023	Júlí 2024	Á deildarfundum hálfmánaðalega	Aukinn lestur fyrir öll börn

**Útinám**

Við fórum seint af stað með útinám á Gulalandi fyrst og fremst sökum aldurs barnanna. Börnin voru yngri en hafa verið á Gulalandi undanfarið, svo okkar áherslur voru að aðlaga úti nám að svona börnum. Það gerðum við með t.d. að taka snjó inn í kar og leika



með hann inni. Við tókum ánamaðka inn til að skoða og fræðast um þá. Við lögðum áherslu á að fylgjast með fuglum og flugum úti í garði í útiveru og fræða börnin um þessi dýr sem eru í okkar nærumhverfi.

Við lögðum áherslu á að frá apríl myndum við fara með börnin í litlum hópum yfir í garðinn í Sunnuborg oftast í kringum hádegið. Við settum einnig upp spjald við útidyráhurðina í fataklefanum með myndum hvernig veðrið er og hvernig þarf að klæða sig. Spjaldið var síðan skoðað á morgunfundi og farið yfir veðrið.

**Tækifæri til úrbóta:** Við þurftum svo sannarlega að aðlaga okkur að aðstæðum í vetur og það gekk mjög vel. Við munum halda sama plani fyrir næsta haust en mögulega bæta inn styttri gönguferðum fyrr á árinu og heimsóknum í garðinn í Sunnuborg.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Fara fyrr í styttri gönguferðir og heimsókn í garðinn í Sunnuborg	Deildarstjóri leggur þetta til fyrr en var gert núna í ár	Allir á deildinni en deildarstjóri hefur umsjón	Feb/ mars 2024	Júlí 2024	Á deildarfundum hálfsmánaðalega	Börnin læri fyrr að ganga í hóp.

## Íslenska sem annað mál



Á deildinni voru nokkuð mörg börn af erlendum uppruna eða einn þriðji af deildinni. Notað var myndrænt skipulag sem hengt var um hálsinn til þess að sýna þeim sjónrænt hvað væri að fara að gerast. Starfsmennirnir voru síðan virkir í að setja orð á hluti og athafnir og gefa sér tíma til spjalla við börnin. Við lögðum mikla áherslu á myndrænt dagskipulag í öllum samveru stundum frá og með febrúar. Það sýndi þónokkurn árangur fljótt. Einnig hefur deildarstjóri lagt áherslu

á að para saman börn til að mynda í matartímum sem eru sterk í íslensku og annað sem þarf aukna málörvun. Það hefur virkað vel og borið árangur.

Með myndrænu dagskipulagi strax að hausti læra börnin sem allra fyrst á skipulagið á deildinni og vita alltaf hvað kemur næst. Það minnkar óöryggi barnanna. Með því að nota lykklakippurnar skilja börnin fyrir hvað er í gangi þar sem mörg þeirra hafa engan eða lítinn skilning í upphafi annar. Með því að skipta þeim síðan í minni hópa og lesa fyrir þau er hægt að auka orðaforða þeirra. Mikilvægast er síðan að setja orð á allt og tala við þau í þessum klassísku umönnunar aðstæðum sem einkennir starf yngstu barnanna.



**Tækifæri til umbóta:** Það hefði mátt byrja fyrir með myndrænt skipulag.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Nota myndrænt skipulag	Með því að nota myndrænt dagskipulag í öllum samverustundum vita börnin alltaf hvað kemur næst í skipulaginu okkar á deildinni	Byrja fyrir með myndrænt skipulag	Allir á deild en deildarstjóri ber ábyrgð á að allir fylgi eftir.	Sept 2023	Júlí 2024	Á deildarfundum hálfsmánaðalega	Stytttri grátur hjá börnunum og að þau læri fyrir á dagskipulagið og líði þar að leiðandi betur.

### 3.3 Bláalandi

Veturinn 2022-2023 voru á Bláalandi fyrir áramót 17 börn 8 stelpur og 9 strákar. Í febrúar fór eitt barn í frí fram á haust. Þá kom inn barn frá Gulalandi þá urðu börin 18, 9 stelpur og 9 strákar.

#### Læsi

Markmið okkar á Bláalandi í vetur var að auka orðaforða barnanna. Leggja orð á alla hluti, nota tákni með tali. Lesa bækur sem hæfa aldri og getu barnanna en barnahópurinn var mjög fjölbreyttur í vetur, sum farin að tala, önnur ekki og með mörg móðurmál. Æfa hlustun, jákvæð samskipt og að verða læs á umhverfið bæði úti og inni.



Lubbastundir eiga sinn fasta sess einu sinni í viku. Í Lubbastund er farið í íslensku máhljóðin. Við notuðum myndaspjöld til að leggja inn ný orð, gerðum tákni og æfðum okkur í að klappa atkvæði nota yfirhugtök eins og dýr, ávextir, grænmeti, föt og fl. Einnig æfðum við okkur að bjóða góðan daginn í upphafi stundar og kveðja í lokin. Síðan fóru allir í röð áður en farið var fram.



Málörvun var líka einu sinni í viku þar sem eru lesnar bækur, farið í ýmsa leiki, spilað, rætt saman, unnið með texta, orð, vísur og rím einnig æfðum við afstöðuhugtök. Í vetur var ákveðið að leikskólinn tileinkaði sér Tákni með tali. Við höfum kynnt tvö tákni á tveggja vikna fresti. Einnig höfum við verið dugleg að flétta því inn í allt okkar starf.

Dagskipulag er myndrænt og leikefni er merkt með mynd og orðum. Ritmál er sýnilegt á



deildinni, bæði tölustafir og bókstafir. Við erum með samverustundir tvisvar til þrisvar yfir daginn þar sem er farið yfir daginn, veðrið og klæðnað fyrir útiveru, sungið, lesið eða unnið með annað málörvandi efni.

Flæðilestur er á byrjunarstigi hjá okkur en hann er hugsaður þannig að starfsmaður sest niður með einu barni og les fyrir það bók. Önnur börn geta komið og hlustað og tekið þátt en merkt er við barnið sem upphaflega var áætlað að lesa fyrir. Þannig er hægt að fylgjast með hvaða börn er lesið fyrir og hvaða börn er minna lesið fyrir.



**Styrkleikar:** Þessar stundir eru markvissar og börnin eru mjög móttækileg og sýna mikinn áhuga á öllu sem unnið er með. Þau eru orðin mjög flink að gera tákni fyrir máhljóðin í Lubba. Þau taka þátt í öllum verkefnum og við sjáum greinilegar framfarir á mörgum sviðum. Við höfum skipt hópnum í litla hópa og eftir getu. Okkur finnst það skila betri stundum þar sem viðfangsefnið er miðað við skilning og þroska barnanna. Við notumst við samræðulestur, æfum athygli og einbeitingu ásamt hlustun sem er einn megin þáttur í námi barna. Læsi tengist öllu okkar starfi bæði úti og inni eins og til dæmis í útinámi þar sem börnin læra hugtök, umferðarreglur, form, litir og læsi á náttúru og umhverfi sitt.

**Tækifæri til umbóta:** Við höfum ekki verið nógu dugleg við að syngja vísurnar í Lubba eða hlusta á þær í daglegu starfi. Við þurfum líka að bæta við lestri alla daga bæði fyrir öll börnin og einstaklingslega. Þetta verða áskoranir næsta vetrar.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi	Syngja og hlusta á Lubbalögin á hverjum degi.	Lubbalag vikunnar sungið í morgunsamveru á hverjum degi og hlusta þegar tækifæri gefst.  Að allir starfsmenn deildarinnar geti tekið að sér Lubbastundir og þekkt löggin og tákinn.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Haust 2023	Vor 2024	Á deildar-fundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið.	Lubbi verður fastur liður á hverjum degi.  Allir starfsmenn taka þátt
lestur	Að lesa fyrir öll börn daglega bæði í hópum og einslega til að auka áhuga þeirra á bókum og að láta lesa fyrir sig.	Hafa bækur sem hæfa aldri barnanna við höndina og skipuleggja sögustundir þannig að börnin þurfi ekki að bíða eftir að valin sé bók.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Haust 2023	Vor 2024	Á deildar-fundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið.	Að öll börn fái að njóta þess að hlusta á sögur og ævintýri daglega.  Allir starfsmenn taka þátt

## Útinám

Markmið útináms er að efla umhverfisvitund barna og fullorðinna, að börnin fái notið aukinnar útiveru í leik og starfi og læri að meta umhverfi sitt og náttúru sem dýrmæta auðlind og rækti með sér væntumþykju og skilning á henni. Styrkja andlega og líkamlega vellíðan barna, sjálfsmynd þeirra og hæfni til samvinnu. Tengja skólastarfið við grenndarsamfélagið, umhverfið og náttúran er efniviður kennslunnar.

Í útinámi yngstu barna æfa börnin sig í að klæða sig sjálf, ganga í röð og fylgja hópnum sínum. Lögð er áhersla á orðaforða eins og því sem við kemur klæðnaði, veðri og öllu því sem við sjáum og skynjum í náttúrunni.







Við höfum reynt að fara í útinám í hverri viku frá því í lok september. Í fyrstu ferðunum er nóg að æfa sig að halda í bandið og að ganga í röð. Við höfum farið á svæði sem er nálægt leikskólanum og leikið þar, skoðað náttúruna og æft kjark og þor og svo höfum við farið lengri ferðir eins og á Ljósheimaróló. Nokkrar ferðir hafa fallið niður vegna veðurs eða veikinda starfsfólks en annars höfum við náð að halda okkur við skipulagið. Við höfum sent heim myndræna skráningu á ferðunum og hafa foreldrar lýst ánægju sinni með það.

Útinámið hefur gengið vel þegar við höfum komist. Við höfum náð mörgum af markmiðum okkar og sjáum mikinn mun bæði á þoli og kjarki barnanna. Foreldrar eru ánægðir með ferðirnar og skráninguna.

**Tækifæri til umbóta:** Við erum heilt yfir mjög ánægðar með hvernig útinámið hefur gengið í vetur. Næsta áskorun er að halda áfram því sem við höfum verið að gera og bæta Lubba inn í ferðirnar.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Tengja Lubba málhljóð vikunnar inn í ferðirnar	Hafa Lubba með og velja hluti í náttúrunni eða ferðinni sem byrja á málhljóði vikunnar	Allir starfsme nn á deilinni	Septemb er 2023	Maí 2024	Á deildarfundum á þriggja vikna fresti	Að börnin læri ný orð sem tengjast útináminu og málhljóði vikunnar.

### Íslenska sem annað mál

Í leikskólanum Langholti er um þriðjungur barna af erlendum uppruna. Á Bláalandi eru tvítyngd og fjöltyngd börn. Þessi börn þurfa að ná auknum orðaforða. Við þurfum að leggja orð á allar athafnir og lesa fyrir þau einslega og í litlum hópum. Þau þurfa skýr og einföld fyrirmæli og ganga þarf úr skugga um að þau skilji það sem verið er að vinna með. Vera til staðar í frjálsum leik og styðja þau og styrkja til að yta þeim áfram í námi sínu. Við höfum gert margt gott í vetur en verðum að viðurkenna að við hefðum viljað gera betur þó aðallega í að lesa meira fyrir þessi börn einslega og hafa þau í minni hópum. Innleiðing á TMT hefur styrkt þessi börn í að tjá sig með fleiri leiðum.



Við höfum verið dugleg að leggja orð á allar athafnir. Verið stuðningur í leik og eflt þau til að nota orðin sín í öllum athöfnum.

**Tækifæri til umbóta:** Við höfum ekki verið nógu dugleg að nota 10 mínútu regluna og ákveða hvaða börn skal efla hverju sinni. Einnig mætti efla lestur fyrir þessi börn og leggja fyrir verkefni til að auka orðaforða. Það er verkefni næsta skólaárs.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Íslenska sem annað mál.	Hafa minni hópa svo hægt sé að fylgjast með að börnin nái að skilja það sem fram fer.  10 mín reglan	Lesið meira fyrir þessi börn einslega og í litlum hópum. Nota efnivið sem til er á leikskólanum til að efla orðaforða.  Velja eitt barn á tveggja vikna fresti til að nota 10 mín regluna með.	Allir á deild	Sept. 2023	Maí 2023	Á deildarfundum á þriggja vikna fresti.	Að börnin verði virk í barnahópnum og að öryggi þeirra og málþroski aukist.

### 3.4 Undraland

Í vetur voru 21 barn á Undralandi, 10 stelpur og 11 strákar öll fædd árið 2019.

#### Læsi

Á Undralandi erum við með nokkrar samverur á hverjum degi með öllum börnunum á deildinni. Fljótlega eftir morgunmatinn erum við með morgunfund þar sem farið er yfir dagskipulag deildarinnar og valdir eru tveir umsjónarmenn dagsins. Umsjónamennirnir gá til veðurs og segja öðrum börnum á deildinni hvernig við eigum að klæða okkur þann daginn, umsjónarmenn leggja einnig á borð fyrir hádegismatinn.

Fyrir hádegismatinn erum við með samveru fyrir öll börnin og er börnunum skipt í tvo hópa. Í samverunni erum við að lesa, syngja og fara í ýmsa málörvunarleiki. Eftir hádegismatinn fara öll börnin í lesstund, þar skiptum við börnunum í 3 hópa. Í lesstundunum erum við að lesa sögur fyrir börnin, og veljum við sögur sem henta hverjum hóp fyrir sig.

Í vetur byrjuðum við með flæðilestur í Langholti, hver deild fékk bókakassa með bókum sem hæfa aldri barnanna á deildinni. Markmiðið með þessu er að auka lestur fyrir börnin og fylgjast





með því að allir fái jöfn tækifæri á að láta lesa fyrir sig. Við nýttum bækurnar úr kassanum til að lesa fyrir börnin, en merktum ekki við hvaða börn var lesið fyrir, það er eitthvað sem við munum bæta næsta vetur og hafa flæðilesturinn markvissari.

Bækur eru aðgengilegar fyrir börnin, þær eru í bókahillu þar sem börnin geta nálgast þær þegar þau vilja. Umgengni við bækurnar hefur ekki verið góð og höfum við þess vegna ekki haft of margar bækur í einu í boði, við erum að kenna börnunum góða umgengni við bækurnar okkar.

Í vetur höfum við farið reglulega í sögustund á Sólheimasafnið, við skiptum barnahópnum í tvo hópa og fara hóparnir sitthvorn daginn. Á bókasafninu eru lesnar sögur fyrir börnin. Eftir sögustundina fá þau að skoða bækur og leika með leikfni sem er á safninu. Við fáum bækur lánaðar á bókasafninu sem við lesum fyrir þau í samveru og lesstundum. Við erum meðvituð um að setja orð á athafnir hjá okkur í öllu daglegu starfi hjá okkur, þar með erum við góðar málfyrirmyndir fyrir börnin á deildinni.

Bók- og tölustafir eru sýnilegir í hæð barnanna á deildinni sem þau skoða mikið. Við höfum merkt alla leikfangakassa á deildinni okkar, einnig húsgögn og hluti sem eru á deildinni



okkar. Ritmálið er því mjög sýnilegt fyrir börnin. Nokkur börn eru farin að skrifa stafina sína og sýna því mikinn áhuga, við erum með spjöld með nöfnunum þeirra sem þau geta fengið til að herma eftir.

Í vetur höfum við verið að vinna með Lubba, þó svo að hefðbundnar Lubbastundir hafa ekki verið markvissar þegar leið á veturinn þá var vinna með máhljóðin í daglegu starfi hjá okkur. Lubbabein eru notuð í kaffitímanum hjá okkur, við bjóðum þeim í kaffitíma með lubbabeini með nafninu þeirra á og eru þau orðin mjög dugleg að þekkja nöfnin sín og annarra barna á deildinni. Börnin eru mjög dugleg að þekkja Lubbatáknin og notum við þau t.d. þegar við veljum umsjónarmann, þá gerum við Lubbatáknið áður en við segjum nafnið þeirra. Öll börnin fengu Lubba litla í heimsókn eina helgi í vetur og sögðu frá heimsókninni í samveru.



Í haust fórum við af stað með hringekju, við skiptum börnunum í fjóra hópa. Í hringekjunni vorum við með málörvun, Lubbastund, fínhreyfingar og stærðfræði. Hringekjan var einu sinni í viku og voru börnin í 15 mínútur á hverjum stað. Því miður entist þetta ekki lengi hjá okkur af ýmsum ástæðum, við breyttum fyrirkomulaginu til að aðlaga það betur að barnahópnum en það festist ekki í sessi, við munum endurskoða hringekjuna okkar og vonandi gengur betur með hana næsta vetur.

**Tækifæri til umbóta:** Við erum nokkuð ánægð með hvernig til tókst hjá okkur með markmiðin sem við settum okkur varðandi læsi. Það sem við þurfum að laga fyrir næsta skólaár er hringekjan hjá okkur. Þar sem að hún var ekki nógu markviss hjá okkur þá féllu niður hefðbundnar Lubbastundir.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Læsi/Lubbi</b>	Við stefnum að því að Lubbastundir verði markvissari en þær voru í vetur	-Byrja morgunstundir á því að syngja Lubba lag vikunnar - Hafa Lubbatákn hvernar viku sýnilegt fyrir börn og foreldra	Starfsfólk deildarinnar	Sept	júní	Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum reglulega yfir veturinn	Að börnin kunni tákni vikunnar og lag fyrir hvert málhjóð

## Útinám



Í vetur stefndum við á að fara í útinám aðra hverja viku, þá viku sem við fórum ekki fórum við í T.B.R. Í upphafi hvernar ferðar litum við til Esjunnar og heilsuðum henni.

Í vetur höfum við verið að fylgjast með tré í Laugardalnum og sjá það breytast eftir árstíðum. Við fórum nokkrum sinnum yfir



skólaárið og kíktum á tréð okkar og var ávallt spennandi að sjá breytinguna á því í hvert skipti sem við fórum að skoða það. Við förum í gönguferðir um hverfið okkar og í ferðunum erum við að spjalla um það sem fyrir augu okkar ber og finnst okkur börnin læra á umhverfið sitt í þessum ferðum. Við erum heppin að vera í nágrenni við Laugardalinn, þangað förum við og

gerum ýmis áhugaverð útinámsverkefni. Eftir hverja ferð er gerð skráning um ferðina sem við hengjum upp þar sem foreldrar geta séð hvað við gerðum hverju sinni.

**Tækifæri til úrbóta:** Útinámið gekk nokkuð vel hjá okkur í vetur, við fórum þó ekki alltaf þegar við ætluðum, helsta ástæðan fyrir því að útinám datt niður var ef það vantaði starfsfólk, barnahópurinn hjá okkur var mjög fjörugur og skemmtilegur en nokkur börn áttu það til að hlaupa frá hópnum og veitti okkur því ekki af að hafa alla starfsmenn með í ferðum.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Úrvinnsla úr ferðum</b>	Við stefnum að því að hafa úrvinnsluna úr útináminu markvissari	Ákveða fyrirfram hvaða verkefni við ætlum að gera í tengslum við ferðirnar okkar	Starfsfólk deildarinnar	Sept.	júní	Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum reglulega yfir veturinn	Með úrvinnslu úr útináminu eru meiri líkur á því að ferðin verði minnisstæðari fyrir börnin og umræður skapast í hópnum um hana.

## Íslenska sem annað mál

Í vetur vorum við með nokkur tvítyngd börn á deildinni hjá okkur. Þau börn voru saman í samveru og lestundum og völdum við bækur og málörvunarverkefni sem henta þessum börnum best. Við veljum bækur sem



henta þessum börnum, einfaldur texti og ræðum um það sem við höfum verið að lesa. Í lestrarhópnum erum við að kanna skilning þeirra og gera það sem við getum til að auka orðaforða þeirra. Það er mikilvægt að leggja orð á allar athafnir í samskiptum við þessi börn, einföld og skýr skilaboð.

Í tengslum við alþjóðlega móðurmálsdaginn settum við upp myndir af fánum þeirra landa sem börnin á deildinni tilheyrast.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

<b>10 mín reglan</b>	Að festa 10 mínútna regluna í sessi	Gera skráninguna skilvirkari	Starfsfólk deildar innar	Sept.	júní	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og fer yfir skráningarblöð sem fyllt hafa verið út	Að barnið/börnin verði virkari í barnahópnum og öryggi þeirra og málþroski eykst
----------------------	-------------------------------------	------------------------------	--------------------------	-------	------	---	--

### 3.5 Lundur

Í Lundi eru 13 börn fædd árið 2019, 6 stelpur og 7 strákar. Það sem við höfum lagt áherslu á í vetur er læsi, útinám, íslenska sem annað mál, félagsfærni og sjálfsefning.

#### Læsi

Sögur og samverustundir eru 2x á dag. Alltaf lesið fyrir öll börn að minnsta kosti 1x á dag.

Börnunum í Lundi er skipt upp í 2 lestrarhópa. Lesið er fyrir þau í þessum hópum á hverjum degi. Við reynum að velja bækur sem hentar hverjum hópi. Stundum hafa hóparnir val um 2 mismunandi bækur og þá fer fram lýðræðisleg kosning. Rætt er um innihald bókanna og spurningum varðandi innihaldið svarað.



Bækur eru mjög aðgengilegar í bókaskáp sem snýr fram og skiptum við út reglulega. Við höfum 2 tiltæka bókakassa sem rúlla á milli vikna. Við erum líka duglegar að fara á bókasafnið og sækja okkur nýjar bækur. Við förum í sögustundir á bókasafnið 1x í mánuði. Börnin hlusta á sögur af athygli og biðja oft um sögulestur. Þau koma líka oft með bækur að heiman sem við



lesum. Eftir áramót byrjuðum við á flæðilestri. Markmiðið með flæðilestri er að barnið læri að njóta bóka. Barnið fær að velja sér bók úr sérstökum bókakassa. Barnið sem velur bókina situr í fangi kennarans en hin börnin geta líka hlustað og verið með í umræðunni. Merkt er við barnið á sérstakt skráningarblað þegar lesturinn er búin.

Lögð er áhersla á hljóðkerfisvitund í samverustundum, sem tengist líka inn í útinámið okkar og hringekjuna sem er 1x í viku og reynum við almennt að koma þessu að í daglegu starfi.

Við klöppum atkvæði, rímum, tengjum saman orð og tökum í sundur orð. Við æfum okkur að fara eftir fyrirmælum af fyrirmælaspjöldum og spilum ýmiskonar spil.

Á morgunfundum eru æfðar þulur t.d. kalli átti káta mús, karl tók til orða og lubbavísurnar. Við hefðum mátt vera duglegri að bæta inn nýjum þulum. Gott væri að bæta inn nýrri þulu fyrir hvern mánuð eins og við ætluðum að gera í fyrra en því miður tókst það ekki.

Allt sem hægt er að merkja höfum við merkt, s.s. húsgögn og leikföng. Leikföng eru merkt með orðum. Allt starfsumhverfið er læsishvetjandi. Bókstafir og tölustafir eru hangandi uppi á vegg í sýnilegri hæð barnanna sem og sjónrænt dagsskipulag. Hólf barnanna eru merkt með nöfnum barnanna og forráðamanna þeirra.

Börnin eru dugleg að æfa sig að skrifa og margir farnir að reyna að skrifa nafnið sitt með forskrift. Ferilmöppur barnanna eru mjög aðgengilegar í hæð barnanna og eru mikið skoðaðar. Lubbi hefur gengið vel. Börnin eru að hjálpa hundinum Lubba að læra íslensku máhljóðin. Við erum dugleg að nota beinin í kaffitímanum, þau eru merkt með nöfnum barnanna. Börnin draga bein með nafni og bjóða því barni að koma að drekka. Samveruþlássin eru merkt með nöfnum barnanna (Lubbabein) í þeirra hæð. Við



æfum táknið, syngjum vísurnar og gerum táknið á hverjum morgni, lesum söguna úr Lubbabókinni og gerum stafaverkefni úr máhljóðunum sem við höfum tekið fyrir. Þau sýna þessu mikinn áhuga og eru dugleg að syngja. Mörg börn eru farin að geta sagt hvaða hljóð er fremst og aftast í orði ef þau eru stöfuð. Þau eru hvött til að skrifa stafinn sinn eða nafn ef þau treysta sér til þess til að merkja myndirnar sínar. Börnin þekkja orðið meirihlutann af máhljóðunum.

Í upphafi skólaársins fórum við af stað með hringekju. Í hringekjunni skiptum við börnunum í 3 jafnstóra hópa. Í hringekjunni vorum við með málörvun, Lubbastund, fínhreyfingar, og stærðfræði. Hringekjan er einu sinni í viku og eru börnin í 15 mínútur á hverjum stað. Þetta var fyrsta árið sem þessi börn fóru í hringekju og gekk hún mjög vel. Börnin voru dugleg og áhugasöm um þau verkefni sem fyrir þau voru lögð og biðu þau spennt eftir þriðjudögunum.



**Tækifæri til úrbóta:** Læsisáætlun gekk almennt mjög vel. Eins og í fyrra hefðum við mátt vera markvissari í innlögnum á þulum. Ætlum því að bæta okkur í því og leggja inn nýja þulu 1x í mánuði. Við hefðum líka mátt vera duglegri að nota frásagnir með verkefnum. Hvetja börnin meira til að segja frá því sem þau voru t.d. að mála eða teikna og það hengt upp á vegg með listaverkinu.

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR		Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
-Þulur	Að börnin læri eina þulu í mánuði.	Þula lögð inn í hringekju og samverustund	Allir starfsmenn deildarinnar	Sept.	Júní	Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum og fer yfir umbótaráætlun 1x í mánuði.	Aukinn orðaforði og málskilningur.
- Frásagnir	Hvetja börnin til frásagnar í verkefnavinnu.	Spyrja börnin út í verkefnið og skrá það niður og hengja upp með listaverkinu.	Allir starfsmenn deildarinnar	Sept.	Júní	Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum og fer yfir umbótaráætlun 1x í mánuði.	Aukinn orðaforði og málskilningur

## Útinám

Á hverjum miðvikudegi höfum við farið í útinám. Við völdum okkur tré saman og höfum fylgst með árstíðarbreytingum á því og unnið árstíðarverkefni samhliða því. Tréð er staðsett í Laugardalnum og förum við einu sinni í mánuði og skoðum það og fylgjumst með breytingum. Við byrjum flestar ferðir á því að kíkja á Esjuna og taka stöðuna á veðrinu. Áður en við leggjum af stað förum við yfir útinámsreglurnar sem börnin

**Lundur**  
**Útinámsreglur**

1. Við ætlum að passa upp á ferðafélagann okkar.
2. Við ætlum **EKKI** að hlaupa í burtu.
3. Við ætlum að koma strax til kennara þegar við heyrum í flautunni.



þjuggu til með kennara á morgunfundi. Þess á milli höfum við unnið önnur verkefni sem við tengjum okkar daglega starfi, t.d verkefni með tölur, stafi, fjölda, form, rím, atkvæði, lengd og liti. Í þessum ferðum koma börnin með hugmyndir að staðsetningu og þá er tekin lýðræðisleg ákvörðun, út frá kosningu, á morgunfundi hvert við ætlum að fara. Börnin fá að velja sér ferðafélaga.

Skráningar með myndum og texta eru unnar eftir hverja ferð, þær hengdar upp í fataklefa þar sem börn og foreldrar geta nálgast

þær og rætt sín á milli. Þessar skráningar eru líka sendar heim með tölvupósti í lok hverrar viku. Úthald barnanna hefur aukist til muna og þau hafa alltaf jafn gaman að þessum ferðum.

**Styrkleikar:** Útinámið okkar gekk að mestu leyti eftir áætlun. Það var helst veður og færð sem varð til þess að við fórum ekki í ferð. Okkur tókst að tengja það vel starfinu inn á deild og finnst okkur áætlun hafa staðist.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Úrvinnsla úr ferðum.	Að hafa úrvinnslu úr útinámi markvissari.	Að hafa fyrirfram ákveðna verkefna úrvinnslu.	Starfsfólk deildarinnar	Sept.	júní	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum.	Að börnin nái að rifja upp ferðina og ferðin verði minnisstæðari.

### Íslenska sem annað mál

Í vetur var eitt tvítýngt barn á deildinni. Það var lesið daglega fyrir hann í litlum hópi og einstaklingslega þegar hann bað um það. Hann fór í málörvun 1-2x í viku með öðru barni eftir áramót. Við setjum orð á alla hluti og athafnir.

Reynum að vera skýrar í tali og endurtökum á réttan hátt.

Fáni landsins er uppi. Við sjáum miklar framfarir hjá tvítýngda barninu hvað skilning og orðaforða varðar og öryggi í samskiptum hefur aukist til muna.



**Tækifæri til úrbóta:** Eins og í fyrra, þá er 10.mín reglan notuð en við þurfum að vera duglegri að skrásetja það og ætlum við að bæta úr því.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
10.mín reglan	Að festa 10.mín. regluna í sessi.	Að gera skráninguna skilvirkari	Starfsfólk deildarinnar	Sept.	júní	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og fer yfir skráningarblöð sem fyllt hafa verið út.	Að barnið verði virkara í barnahópnum og öryggi þeirra og málþroski eykst.



### 3.6 Skáli

Skólaárið 2022-2023 voru 12 börn fædd árið 2018 í Skála í Smálöndum, sjö stelpur og fimm strákar.

#### Útinám

Í upphafi skólaárs var ákveðið að fara í útinám aðra hvora viku. Það gekk vel framan af skólaári en eftir áramót kom það nokkrum sinnum fyrir að það þurfti að fella niður útinámið vegna óviðráðanlegra aðstæðna (meðal annars vegna manneklu og veðurfars).

Markmiðið með útinámi er að veita börnunum tækifæri til þess að njóta sín í útveru og kynnast nærumhverfi leikskólans ásamt því að tengja útinámið við það starf sem fer fram í leikskólanum. Í útinámi er lögð áhersla á að öll innlögn sé skemmtileg, fari fram í gegnum leik og að börnin fái tækifæri til þess að njóta sín alfarið í frjálsum leik. Reglulega voru gerðar skráningar með myndum úr útináminu og gerðu börnin ýmis verkefni og úrvinnslur eftir ferðirnar.

Í útináminu er meðal annars rætt um náttúruna, veðurfar og árstíðarnar og í upphafi skólaársins völdum við okkur tré sem við skoðuðum reglulega og fylgdumst með á hvaða hátt tíðarfarið hafði áhrif á útlit laufblaðanna og trésins. Farið var í ferðir í Laugardalinn, á nokkra leikvelli, heimsóknir í garðinn á Holtaborg, í göngutúra um hverfið ásamt því að ýmis svæði í nágrenni leikskólans voru nýtt. Farið var á námskeiðið Húsdýrin okkar í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinum þar sem við fengum fræðslu um húsdýrin og starfsmaður leiddi okkur um garðinn. Í vor var farið í heimilisheimsóknir þar sem næst elstu börnin í leikskólanum fóru með



jafnöldrum sínum af deildinni og starfsmönnum að skoða heimilin sín að utan. Eitt af markmiðunum með heimilisheimsóknum er að börnin læri að þekkja hverfið betur ásamt því að tengja saman heimili barnanna og leikskólann.

**Tækifæri til úrbóta:** Einn af þeim þáttum sem kom fram í umbótaráætlun seinasta skólaárs var að auka þátttöku barnanna í ákvörðunartöku við skipulag á útináminu. Það var prófað í



nokkur skipti og fengu börnin að hafa áhrif á hvað væri gert í útináminu og hvert væri farið. Þetta er þáttur sem við viljum vinna betur með og verður hann þar af leiðandi áfram þáttur til úrbóta í umbótaráætluninni fyrir næsta skólaár. Einnig reyndist það erfitt að skipuleggja útinámið fyrirfram og tengja það á markvissan hátt við starfið á deildinni. Nýta þarf áhuga og reynslu starfsmanna á deildinn til þess að skipuleggja útinámið.

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Tengja útinám við daglegt starf og skipuleggja fram í tímann.	Skipuleggja útinámið á markvissari hátt út frá áherslum leikskólans.  Tengja Lubba við útinámið.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Haut 2023	Vor 2024	Á deildar-fundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið.  Mánaðarlegar skráningar og úrvinnsla úr útinámi.	Skipuleggja útinámið fyrirfram, sept – des og jan – júní.  Tengja fuglanna og blómin í Lubba við útinámið á markvissari hátt.  Nýta áhuga og reynslu starfsmanna við skipulagningu.
	Virkja þátttöku barnanna þegar kemur að skipulagningu.	Að börnin öðlist færni í að tjá eigin skoðanir og finni að þeirra skoðun geti haft áhrif.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Vetur 2023	Vor 2024	Ræða við börnin um hvað þeim finnst skemmtilegt og hvað þau vilji gera.  Útbúa matsblað eða matskerfi innan leikskólans sem hægt er að nýta í þeim tilgangi að veita börnum á öllum aldri tækifæri til þess að taka þátt í því að meta starfið.	Við skipulagningu er tekið tillit til sjónarmiða barnanna og hvar þeirra áhugasvið liggur.  Leyfa börnunum að hafa áhrif á ferðirnar, hvað sé gert og hvert sé farið.

## Læsi

Á hverjum degi eftir morgunmat eru morgunfundir þar sem öll börnin á deildinni ásamt starfsmönnum setjast niður. Stundin hefst á því að farið er yfir máhljóð vikunnar og



lagið sem tilheyrir máhljóðinu eru sungið. Eftir það er farið er yfir daginn út frá sjónrænu skipulagi, börnin fá ávexti og flesta daga eru

valin tvö börn til þess að vera bæði veðurfræðingar og borðþjónar. Veðurfræðingarnir fara út með starfsmanni, skoða hvernig veðrið er, hvaða fatnaður hentar til útiveru miðað við aðstæður og upplýsa restina af hópnum um hvernig eigi að klæða sig fyrir útiveru. Fyrir hádegismatinn hjálpa þessi sömu börn við það að leggja á borðin og bjóða hinum börnunum í mat.

Í samverustundum fyrir hádegismatinn er meðal annars er lögð er áhersla á að vinna með hljóðkerfisvitundina, syngja lög, lesa, segja sögur o.fl. Oft er farið í leiki sem reyna á athygli barnanna, YOGA og slökunaræfingar, fyrirmælaæfingar, spurningaleikir með bolta, unnið með afstöðuhugtökin, bókstafina, tölustafina, tölugildin o.m.fl.

Á hverjum degi er lesið fyrir öll börn í litlum hópnum og er það algjör undantekning ef svo er ekki. Einnig er lesið fyrir börnin yfir daginn, þá helst á morgnanna og í lok dags.

Unnið var markvisst með Lubbi finnur málbein á deildinni. Í upphafi skólaárs var ætlunin að vera með skipulagða Lubbastund í hringekju einu sinni í viku þar sem hvert máhljóð væri tekið fyrir í tvær vikur. Því miður gekk það ekki alltaf upp og var því stundum farið aðrar leiðir til þess að leggja inn máhljóð vikunnar, t.d. í samverustundum með öllum hópnum í einu. Í Lubbastundum var byrjað á því að fara yfir máhljóð vikunnar, hlustað var á lagið sem tilheyrir máhljóðinu og textinn í bókinni Lubbi finnur málbein lesinn. Markmiðið með Lubbastundunum er meðal annars að börnin læri að tengja saman hljóðin, læri táknrænar hreyfingar fyrir hvert hljóð ásamt því að farið er yfir ýmis orð og/eða myndir sem tengjast máhljóðunum. Einnig er lagt mikið upp úr því að vinna með hljóðkerfisvitundina, til dæmis með því að ríma, klappa atkvæði og finna fyrsta staf í orðum.



Öll börn í Skála fengu Lubba heim í heimsókn í tvær nætur yfir helgi. Foreldrar voru beðnir um að skrifa stutta frásögn með barninu og eftir heimsóknina sagði barnið jafnöldrum sínum á deildinni frá því sem það gerði með Lubba þann tíma sem hann var í heimsókn. Markmiðið með frásögninni er að börnin æfi sig í að standa frammi fyrir hóp, þjálfa virka hlustun og deili með vinum sínum einhverju sem tengist lífi þeirra utan leikskólans.

Málbeinin hans Lubba voru nýtt í kaffitímanum og voru máhljóðin og tákn allra barnanna á deildinni sýnileg. Lubbi fékk mikið að vera með í leik í Skála í vetur og ef börnin báðu um Lubba fékk hann að vera með í leiknum. Að lokum héldum við upp á afmælið hans Lubba á degi íslenskrar tungu, 16.nóvember. Þann dag fékk Lubbi afmæliskórónu, það var sungið fyrir hann afmælissönginn og hann fékk bein á disk í hádeginu til þess að borða.



Í vetur fengum við fyrirlestur um tákn með tali (TMT) og í kjölfarið var ákveðið að leggja inn tvö tákn, tvær vikur í senn og sömu tákn á öllum deildum leikskólans. Starfsmaður á deildinni tók það að sér að kenna börnunum táknin og voru þau einnig sýnileg á myndrænan hátt á deildinni. Börnin sýndu þessu mikinn áhuga, voru fljót að ná táknunum og flest höfðu skilning á því hvernig það ætti að nota þau samhliða málinu.

Farið var 8x í sögustund á Sólheimabókasafn yfir skólaárið. Í hverri heimsókn voru lesnar 2-3 bækur fyrir börnin og eftir lesturinn fengu börnin að skoða bækur, lita, leika sér með búninga og bangsa. Eftir hverja sögustund voru fengnar bækur að láni á bókasafninu sem voru lesnar fyrir börnin í daglegum lesstundum.



Í Skála var mikil áhersla lögð á að hafa umhverfið læsishvetjandi. Á deildinni hanga meðal annars uppi bókstafir, formin, myndir tengdar TMT, ýmsar myndir af dýrum ásamt ýmsum orðum sem tengjast daglegu starfi og lífi.

**Tækifæri til úrbóta:** Heilt yfir gekk vel að vinna að þeim markmiðum sem sett voru í tengslum við læsi. Markmiðið fyrir næsta skólaár er að leggja meiri áherslu á flæðislestur fyrir einstaklinga ásamt því að leggja inn söngtexta, þulur og vísur á markvissari hátt. Einnig er hægt að gera betur með Lubba með því að bæta honum enn frekar inn í daglegt starf og vera duglegri við að syngja og hlusta á lögin í öðrum samverustundum dagsins.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi	Gera Lubba sýnilegri í öllu daglegu starfi	Lubbalag vikunnar sungið í morgunsamveru á hverjum degi.  Lubbastundir í hringekju  Að allir starfsmenn deildarinnar þekki táknið sem tengja máhljóðin og geti tekið að sér samverustundir og morgunfundi	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Haut 2023	Vor 2024	Á deildar-fundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið.	Máhljóð vikunnar er hengt upp á vegg hverju sinni.  Lubbi verður fastur liður á morgunfundum á hverjum degi.  Lubbastund í hringekju í hverri viku
	Flæðilestur	Að auka áhuga barnanna á bókum og þau njóti þess að láta lesa fyrir sig.  Að lesið sé fyrir öllu börn einslega.	Allt starfsfólk deildarinnar	Haut 2023	Vor 2024	Á deildar-fundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið.  Skrá niður á þar til gert skráningarblað þegar lesið er fyrir hver barn / börn	Að lesið sé fyrir öll börn einslega, a.m.k. einu sinni í viku.
	Kenna börnunum flóknari söngtexta og þulur	Flóknari þulur og söngtextar lagt inn á markvissari hátt í morgunfundum og í samverustundum	Allt starfsfólk deildarinnar	Haut 2023	Vor 2024	Á deildar-fundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið.	Að börnin læri a.m.k. 1 nýja þulu á mánuði, eða 9 þulur yfir skólaárið og ásamt nýjum söngtextum

## Íslenska sem annað mál

Lesið var fyrir öll börn sem eru með íslensku sem annað mál í litlum hóp á hverjum degi og var það algjör undantekning að stundin félli niður. Valdar voru einfaldari bækur, þær lesnar og sagan rædd út frá myndunum. Eftir hverja sögustund var markviss málörvun þar sem meðal annars annar var unnið með orðaforða, skilning, tjáningu, setningamyndun, hljóðkerfisvitund, stærðfræðihugtök og fleiri.

Inni á deildi var markmiðið að skapa málörvandi umhverfi í þeim tilgangi að auka orðaforða og skilning, lesa bækur við hæfi ásamt því að auka öryggi barnanna í samskiptum. Starfsmenn



deildarinnar reyndu að vera meðvitaðir um að setja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi ásamt því að ásamt því að tala skýrt og endurtaka orð/setningar á réttan hátt. Börnin voru einnig hvött til þess að nota orðin sín í stað þess að benda á hlutina og að tala í lengri setningum.

**Tækifæri til úrbóta:** Einnig hefur það ekki tekist nægilega vel að halda úti skráningar yfir þann tíma sem börn með íslensku með annað mál fá í málörvun og hvað sé verið að gera með þeim í málörvunarstundum. Það að halda utan um þessar stundir með þar til gerðum skráningarblöðum eykur líkurnar á að starfsmenn öðlist betri yfirsýn yfir það hvar börn sem eru tvítyngd eða með annað móðurmál en íslensku eru stödd í málþroska, staðsetja þau ásamt því að halda utan um framfarir. Verður þessi þáttur einnig settur inn í umbótaráætlun næsta árs.

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Íslenska sem annað mál	Auka yfirsýn þeirra málörvunar sem börn með íslensku sem annað mál fá.	Halda úti skráningar yfir þann tíma sem börn með íslensku með annað mál fá í málörvun og hvað sé verið að gera með þeim í málörvunar- stundum.	Deildar- stjóri og annað starfsfólk deildarin- nar	Haut 2023	Vor 2024	Á deildar-fundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið.  TRAS skráningarblöð nýtt á 6 mánaða fresti til þess að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barna með fyrirbyggjandi ihlutun í huga.  Önnur skráningarblöð frá sérkennslustjóra.	Að börn með íslensku sem annað má fari í málörvun 2-4x í viku.  Unnið eftir einstaklings námskrá þeirra barna sem hana hafa og farið yfir markmiðin reglulega
	Málörvun í gegnum leik	Að starfsmenn sitji í leik með börnunum og styðja við þau ef upp koma erfiðleikar í samskiptum eða ef styðja þarf við félagsfærni	Deildar- stjóri og annað starfsfólk deildarin- nar	Haut 2023	Vor 2024	Á deildar-fundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið.	Að starfsmenn öðlist yfirsýn yfir það hvar börn eru stödd í málþroska og skilning á hvenær barn þurfi á stuðningi að halda í samskiptum í leik.

### 3.7 Dvergaland

Skólaárið 2022-2023 voru 12 börn fædd árið 2018 og 13 börn fædd árið 2017 á Dvergalandi.

### Útinám

**Yngri hópurinn:** Í upphafi skólaárs var ákveðið að fara í útinám aðra hvora viku á mánudögum, en ferðir í TBR voru einnig skipulagðar aðra hvora viku á móti útináms. Yngri hópurinn á Dverglandi fór í útinám ásamt yngri hópinum á Furðulandi. Farið var í ferðir á nokkra leikvelli í nágrenni leikskólans og heimsóknir í garðinn á Holtaborg. Farið var á námskeiðið *Húsdýrin okkar* í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinum þar sem við fengum fræðslu um húsdýrin og starfsmaður leiddi okkur um garðinn.



**Eldri hópurinn:** Eldri hóparnir á Dverglandi og Furðulandi fóru saman í útinám einu sinni í viku, á þriðjudögum og það gekk mjög vel. Farið var meðal annars í ferðir í Laugardalinn, á nokkra leikvelli, farið var á námskeiðið *Hugrakkir krakkar* í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinum þar sem við fengum fræðslu um skordýr ásamt því að börnin fengu að skoða og snerta skordýr og pöddur og fengu um leið að halda á nokkrum þeirra.



Börnin voru mjög áhugasöm, voru mjög virkir þátttakendur í öllum verkefnum sem lögð voru fyrir þau og höfðu virkilega gaman að útináminu. Við sáum greinileg framför á úthald þeirra eftir áramót. Markmiðið með útináminu var að tengja útinámið við starfið á deildunum, að börnin gætu notið sín í útiveru og lært að meta umhverfið sitt. Einnig var lögð áhersla á læsi í víðum skilning, samræður, samvinnu og umhverfisvitund.



Skemmtilegar skráningar voru gerðar eftir ferðunum. Ljósmyndir voru teknar í ferðum og *Sway* hlekkur með myndum var sendur heim í föstudagspóstunum ásamt ferðasögunni. Ljósmyndir eru mjög góð og skemmtileg skráningaraðferð.

Samvinnan á milli Dverglands og Furðulands gekk mjög vel og ferðirnar gengu vel í haust en í lok ársins og eftir áramót kom það svolítið oft fyrir að það þurfti að fella niður útinámið vegna veðurs og manneklu.

Það var búið að ákveða að hafa heimilisheimsóknir næst elstu barnanna á vorin þegar starfsmenn og börnin hafa kynnst hvort öðru betur. Hugmyndin var að það kæmi vel út að byrja heimilisheimsóknirnar í lok apríl og klára þær í byrjun júní.



Heimilisheimsóknir ganga út á það að næst elsti árgangurinn í leikskólanum fer með jafnöldrum sínum af deildinni og starfsmönnum að skoða heimilin sín að utan. Eitt af markmiðunum er að börnin læri að þekkja hverfið sitt betur ásamt því að tengja saman heimili barnanna og leikskólann. Þær heimsóknir heppnuðust mjög vel, 2 starfsmenn frá Dvergalandi fóru með yngri hópinn í ferðir tvísvar til þrisvar í mánuði og sömu starfsmenn sáu um úrvinnsluna tengd þessum. Eldri hópurinn var í leikskólanum á meðan.



**Tækifæri til úrbóta:** Tenging við starfið var ekki nógu öflug á Dvergalandi. Úrvinnsla úr ferðum var ekki nægilega markviss á Dvergalandi. Mikilvægt er að bæta úr því með markvissari úrvinnslu þar sem verkefni, lög og þulur eru jafnvel fyrirfram ákveðin og í tengslum við þau þemu sem unnið er með að hverju sinni í útináminu. Gott væri að starfsmaður á deildinni bæri ábyrgð á allri úrvinnslu ásamt því að tengja markmið útinámsins hverju sinni við daglegt starf á deildinni.

## Læsi

Markmiðið með læsi er að efla málþroska, meðal annars málskilning, orðaforða og hljóðkerfisvitund, að börnin verði læs á umhverfið, jákvæð samskipti ásamt því að nýta Lubba í daglegu starfi. Öll börn fara í sögustundir/samverustundir á hverjum degi og lesið er börnin minnst einu sinni á dag. Börnunum eru kenndar flóknari þulur/söngtextar og lögð er áhersla á læsishvetjandi umhverfi á deildinni. Fyrir áramót fór barnahópurinn á Dvergalandi oft í skipulagðar sögustundir á bókasafnið, yngri hópurinn fór þó oft.

Eldri börnin fá að halda framsögn einu sinni yfir árið. Framsagnir hjá eldri gengu mjög vel, börnin styrktust í að segja frá, lærðu mikilvægan þátt að hlusta, þau urðu öruggari með sér, fengu að vera í sviðsljósi í eitt dag og yfir heildina voru þau mjög spennt og áhugasöm bæði í að segja frá og að vera áhorfandi og fá að spyrja spurningar. Yngri börnin eru með minni

og öðruvísi framsögn sem tengist bangsaheimsókninni yfir eina helgi. Yngri hópurinn fékk Lubba bangsa í heimsókn yfir eina helgi. Foreldrar voru beðnir um að skrifa stutta frásögn í bókinni og eftir heimsóknina, á mánudagsmorgni sagði barnið jafnöldrum sínum á deildinni frá því sem það gerði með Lubba um helgina. Markmiðið með frásögninni er að börnin æfi sig í að standa frammi fyrir hóp af börnum og kennurum og segja frá hlut, upplifun eða annað sem tengist hverju barn í hverju sinni ásamt því að svara spurningum úr hópnum.



Málbeinin hans Lubba voru nýtt í kaffitímanum og voru máhljóðin og tákn allra barnanna á deildinni sýnileg. Lubbi fékk mikið að vera með í leiknum á Dvergalandi í vetur og einnig héldum við upp á afmælið hans Lubba sem var 13 ára gamall á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember. Þann dag fékk Lubbi afmæliskórónu og það var sungið fyrir hann afmælissönginn í samveru.

Á hverjum degi eftir morgunmat eru morgunfundir þar sem öll börnin á deildinni ásamt starfsmönnum setjast niður. Stundin hefst á því að farið er yfir daginn út frá sjónrænu skipulagi, börnin fá ávexti og flesta daga eru valin tvö börn til þess að vera veðurfræðingar og borðþjónar. Veðurfræðingarnir stiga út með starfsmanni, skoða hvernig veðrið er, hvaða fatnaður hentar í útiveru miðað við aðstæður og upplýsa restina af hópnum um hvernig eigi að klæða sig fyrir útiveru. Fyrir hádegismatinn hjálpa þessi sömu börn við það að leggja á borð og bjóða hinum börnunum í hádegismat.

Lesið var fyrir öll börn í litlum hópum á hverjum degi eftir hádegismatinn og var það undantekning ef svo var ekki gert. Lagt var upp með að hafa skipulagðar samverustundir á hverjum degi. Í samverustundum var lögð áhersla á að vinna með hljóðkerfisvitundina, ríma, klappa atkvæði og setja saman orð. Einnig voru lesnar bækur, lög sungin og farið með vísur. Reynt var að leggja áherslu á læsishvetjandi umhverfi á deildinni þar sem meðal annars voru bókstafir, tölustafir og tölugildi gerð sýnileg ásamt ýmsum orðum sem tengjast daglegu starfi og lífi.

Á fimmtudögum vorum við á Dvergalandi með stöðvavinnu sem heitir Hringekja. Börnum verða skipt í 3 litla hópa (8-9 börn í hóp), hver hópur verður í 25 mín á hverjum stað og unnið verður markvisst með þætti eins og málörvun, hljóðkerfisvitund (*Lubbi finnur málbein*), sköpun, tölur og stærðfræði, fínhyreyfingar, spil, hreyfileikir og margt fleira.

Barnamenningarhátíð var haldin í apríl og rúmlega 600 leikskólabörn úr 33 leikskóla tóku þátt og var þetta samstarfsverkefni með Tónskóla Sigursveins. Börnin lærðu lög og texta eftir Ragnhildi Gísladóttur. Við byrjum að læra og æfa löginn ásamt hreyfingum í febrúar og gefum okkur góðan tíma í þetta. Í mars förum við í heimsókn í Tónskóla og æfum löginn með stjórnandanum og hljómsveitinni ásamt fleirum leikskólabörnum. Þetta er mjög skemmtilegt og gefandi verkefni sem börn, starfsfólk og foreldrar njóta en þetta hefur verið fastur líður í elstu barna.



**TRAS:** Á Dvergalandi var Tras könnun gerð fyrir yngri hópinn. Tras er mjög góð leið til að þekkja börnin betur og kanna hvar þau eru stödd. Unnið er með niðurstöðurnar og börnin prófuð tvísvar á ári.

**HLJÓM:** Deildarstjórinn á Dvergalandi tók öll Hljóm prófin á deildinni sinni annað árið í röð. Það hefur gengið mjög vel, deildarstjóranum á Dvergalandi fannst gott að prófa börnin sem gerði að verkum að hann hafði meiri skilningu og betri innsýn í þá þætti sem prófið inniheldur, þættir sem auðveld var að flétta inni í daglega starfið á deildinni.

**Tækifæri til úrbóta:** Það gekk ekki nógu vel að vinna að þeim markmiðum sem sett voru í tengslum við læsi í hringekju. Hringekja byrjaði erfiðlega þar sem barnahóparnir voru of stórir, yngri börnin voru ekki vön að vera í hringekju af þessu tagi og erfitt var að framkvæma Lubba stundirnar úr frá aldri þar sem hóparnir voru aldursblandaðir. Hringekjan féll oft niður vegna mannekle. Það hefði verið betra að taka Lubba stundirnar úr hringekju og halda þær alveg sér. Erfitt var að finna tíma til þess þar sem mikið var skipulagt á hverju degi fyrir báða hópana yngri og eldri sem voru oft með mismunandi dragskrá.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Að Lubbi verði notaður miklu meira í daglegu starfi.	Að gera málhljóð vikunnar virkara, fletta það í daglegu starfi, til dæmis samverum og kaffitímar.	Allt starfsfólkið á deildinni en deildarstjóri heldur utan um þessa vinnu og ber ábyrgð	Sept	Maí	Á deildarfundum	Börnin læri Lubba táknið, hljóðið og venjast því að nota þau meira daglega. Að það verði skemmtilegt og gaman.

Hringekja	Hringekjan verði aðlöguð eftir hópum og að hún detti ekki jafn oft niður.	Með því að búa til nýja stöðvar og reyna að sleppa henni ekki þó það vanti fólk, með því að stækka hópana eða finna annan dag.	Allt starfsfólkið á deildinni en deildarstjóri heldur utan um þessa vinnu og ber ábyrgð	Sept	Maí	Á deildarfundum	Börnin læri að takast á við nýjar áskoranir, læra nýja hluti og hafi gaman
-----------	---	--	---	------	-----	-----------------	--

## Íslenska sem annað mál

Markmiðið var að skapa málörvandi umhverfi í þeim tilgangi að auka orðaforða og skilning, lesa bækur við hæfi ásamt því að auka öryggi barnanna í samskiptum. Ætlunin var að lesa bækur fyrir börnin í litlum hópum á hverjum degi, setja orða á alla hluti og allar athafnir í daglegu starfi, nota 10 mín regluna ásamt því að tala skýrt og endurtaka orð/setningar á réttan hátt. Í ár voru mörg börn í hópnum á Dvergalandi sem þurftu auka málörvunarstund. Ákveðið var í haust að skipta hópnum eftir aldri (yngri og eldri) í leshópa en búa til svo auka málörvunastundir fyrir þá þurftu þess að halda. Það var gert og gekk mjög vel. Einn lítill hópur til viðbótar (1, 2 eða 3 börn í einu) var tekinn til hlíðar til að efla málörvun þeirra en allir á deildinni sáu um þessar málörvunarstundir.

**Tækifæri til úrbóta:** Starfsmenn deildarinnar voru oftast meðvitaðir um að setja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi ásamt því að endurtaka orð/setningar á réttan hátt. Börnin voru einnig hvött til þess að nota orðin sín í stað þess að benda á hlutina og að tala í lengri setningum. Lesið var daglega fyrir öll börn og bækur voru valdar eftir hæfi og áhuga barna. Það væri gott að halda auka sögustund eftir kaffitíma barnanna og bjóða þeim börnum sem hafa áhuga að vera með. Mikilvægt er að hafa 10 mín regluna í huga þar sem hún á það til að gleymast. Það þarf að leggja áherslu á að skrá á blað og starfsfólkið á að hjálpast að og minna hvort öðru að innleiða 10 mín. regluna og skrá á blað. Þau börn sem sækja almennt meira í samskipti við starfsmenn fengu oftár málörvun heldur en þau börn sem halda sig meira til hlés og sækja síður í samskipti við starfsmenn.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
10.mín reglan	Að festa 10.mín. í daglegu rúttinu allra á deildinni.	Að gera skráninguna skilvirkari.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Sept.	maí	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og ákveður saman hvaða börn þurfa þessa reglu að halda mest.	Að barnið verði virkara og öruggara í barnahópnum ásamt því að bæta málþroska og orðaforða þess.

### 3.8 Furðuland

Veturinn 2022 -2023 voru á Furðulandi 24 börn í tvískiptum hóp. 11 börn fædd 2018 og 13 börn fædd 2017, 12 stúlkur og 12 drengir.

#### Útinám

Farið er í útinám í hverri viku. Við höfum verið í samstarfi við Grasagarðinn og Húsdýragarðinn þar sem börnin hafa sótt fræðslu um plöntur, húsdýrin, skordýr og fleira. Við höfum farið í fuglaskoðun, heimsótt Þvottalaugarnar í Laugardalnum, skoðað náttúruna í gegnum stækkunargler, aðventustund í Kaffi Flóru, heimsótt leikvelli hverfisins, heimsótt Voga- og Langholtsskóla og notið þess að fara í leiki og hreyfa okkur í náttúrunni. Farið í leikhúsferðir, á tónleika með símfó og margt, margt fleira.



Útinámið hefur almennt gengið vel og við höfum reynt að tengja það saman við starfið á deildinni. Skráningar með texta og myndum var gerð fyrir stærri ferðir og stundum unnin verkefni út frá ferðum. Foreldrar fengu svo alltaf skemmtilegar myndasýrpur í föstudagspóstum. Einn kennari hafði yfirumsjón með útinámi ásamt kennara af Dvergalandi. Það var ákveðið að hafa það þannig frá upphafi til að einn kennari hefði heildarsýnina og miðlaði svo til okkar hinna.

Yngri hópurinn fer í svokallaðar heimilisheimsóknir. En þá er farið að heimili hvers barns fyrir sig. Barnið segir frá heimili sínu og fær að taka myndir af einverju fyrir utan sem því þykir vænt um. Börnin vinna svo úrvinnsluverkefni út frá heimsókninni. Einnig er stórt götukort sett upp á vegg þar sem mynd af heimili og barni er sett á viðeigandi stað ásamt myndum af helstu kennileitum hverfisins. Markmiðið er að tengja heimili og skóla betur fyrir börnunum. Þetta er skráð og sett í ferilmöppur.

**Tækifæri til úrbóta:** Við erum heilt yfir mjög ánægð með hvernig útinámið hefur gengið í vetur og okkur hefur tekist að tengja það ágætlega inn í daglegt starf. Næsta áskorun er að nota Lubba meira og tengja máhljóð vikunnar í útinámið. Útinámið var í samstarfi við Dvergaland þar sem yngri hópur á Dvergalandi og yngri hópur á Furðulandi fóru saman í útinám á mánudögum og þau eldri á þriðjudögum. Þ.a.l. fóru tveir dagar í viku í útinám og iðulega var

einn starfsmaður eftir á hvorri deild með þann hóp sem eftir var. Það mætti alveg skoða ef það er blandaður aldur að hafa hann engu að síður bara saman í útinámi, það hefði í raun t.d. hentað Furðulandi betur þar sem yngri hópurinn þar var engu getuminni í ferðum en sá eldri. Þá hefði bara farið einn dagur í viku í útinámið og þannig myndast aukadagur til að bæta upp fyrir annað, t.d. þegar hringekja féll niður eða slíkt. Það hefði líka fækkað skiptum sem tvístra þurfti starfsmönnum og setja alltaf einn starfsmann í þær aðstæður að vera einn eftir með hóp. Hvað annað varðar þá hefði úrvinnsla úr ferðum mátt vera aðeins betri, þ.e. meiri frásagnir frá börnunum eftir ferðir og eins hefði mátt vera meiri verkefna úrvinnsla.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að Lubbi verði meira tengdur við útinámið og efla úrvinnslu barnanna eftir útinámið.	Gera áætlun um úrvinnsluverkefni og tengja Lubba betur inn í útinámið t.d. í samveru.	Allir á deild en deildarstjóri og umsjónarmaður útináms gera áætlun og verkefnaplan	Sept 2023	Mái 2024	Á deildarfundum hálfsmánaðarlega	Börnin eflist í Lubbatækninni og fá meiri dýpt í útinámið vegna þess og aukinnar úrvinnslu.

## Læsi

Lubbastundir eiga sinn fasta sess 1x í viku í Hringekju. Í Hringekjunni eru 3 stöðvar, 20 mínútur á hverri stöð: Lubbastund þar sem farið er í íslensku máhljóðin ásamt málörvun þar sem er rætt saman, unnið með texta, orð og vísur og leyst verkefni. Stöð stærðfræði og forma þar sem börnin læra um tölur, talnagildi, form, stærðir, punktamyndir og fleira. Og að lokum skapandi fínhyfingavinna í Hreiðri eins og að klippa, teikna, mála, perla, púsla og líma. Tveir hópar voru hreinir með eldri og yngri en einn blandaður, þ.e. getumestu börnin í yngri ásamt nokkrum eldri. Þessar stundir eru markvissar og börnin eru mjög móttækileg og sýna mikinn áhuga bæði í stundunum, í öðrum verkefnum og í leik. Hver kennari er með sitt sérsvið í hringekjunni og getur þannig fylgt betur eftir framförum og markvissari vinnu með hópnum.



Allt ritmál er mjög sýnilegt á deildinni, bæði tölustafir og bókstafir, hópaskiptingar og hlutir ásamt öllu leikefni, börnin hafa alltaf gott aðgengi að bókum, pappír, tímaritum, skærum, lími og skriffærum. Læsið tengist öllu okkar starfi bæði úti og inni eins og t.d. í útinámi þar sem börnin læra hugtök, umferðarreglur, form, litir og læsi á náttúru og umhverfi sitt. Sögustundir eru alla daga eftir hádegismat. Við höfum skipt hópnum eftir getu. Þrír hópar þar sem einn hópurinn hlýðir á framhaldssögur líkt og Orra óstöðvandi og bókina um Jón Odd og



Jón Bjarna. Annar hópurinn hlýðir á styttri sögur og ævintýri, svo var þriðji hópurinn sem samanstendur af 3-5 börnum sem þurftu einfaldara lesefni t.d. börn sem eru með íslensku sem annað mál og þurftu meiri örvun upp á skilning og orðaforða. Okkur finnst það skila betri stundum þar sem viðfangsefnið er miðað við skilning og þroska barnanna.



Það eru fjórar samverur yfir daginn með mismunandi áherslum hverju sinni, t.d. söngur, lestur, þulur, samstafa, tengja saman orð eða farið í spurningaleiki, hlustað á sögur og ævintýri, ýmist í gegnum hátalara eða kennari las bók. Á morgnana er fyrsta samverustundin þar sem við fáum okkur ávexti og leggjum drög að deginum og ræðum ýmis málefni; hvaða dagur er, mánuður, ár, veður, klæðnaður og það sem er fram undan. Öllu jafna er söngstund fyrir hádegismatinn þar sem við syngjum og leggjum inn texta og lög; Barnamenningarhátíð, jólaárstíðir, þulur og fleira. Það hefur gengið vel. Við höfum einnig notað samverustundir til að ræða saman ef einhver ágreiningsmál koma upp sem gott er að ræða í hópnum. Leshópar eru svo eftir mat. Fyrir drekkutímann er svo samvera þar sem ýmislegt er gert og þá reynt að gera eitthvað sem ekki er búið að gera í samveru fyrr um daginn. Í lok dags er ávaxtastund og þá er hlýtt á sögur og ævintýri í hátalara eða lesin bók. Stundum voru allir saman í samveru en stundum var þeim skipt upp í yngri og eldri, þannig var það yfirleitt í hádegissamverunni.



Eldri börnin hafa verið með framsögn í vetur. Þau koma með hlut að heiman og segja börnunum frá hlutnum, eftir það hefur verið gefinn tími fyrir spurningar. Börnin sem eru með framsögnina æfa sig í að tala fyrir hóp á meðan hinir æfa sig í að hlusta. Við gerum skráningu sem fer svo í ferilmöppu.

Við höfum farið á bókasafnið í sögustundir þar sem bókasafnsverðirnir lesa fyrir okkur bækur og sýna myndirnar úr bókunum á stórum skjá upp á vegg.

Við tókum þátt í Barnamenningarhátíð. Börnin lærðu lög og texta eftir Ragnhildi Gísladóttur frá því í janúar og fóru á æfingu í Tónskóla Sigursveins í mars. Þau fluttu svo lögina í apríl í Eldborgarsal Hörpu. Það gekk mjög vel og vorum við ótrúlega stolt af börnunum.





Einnig fengum við til okkar hegðunarráðgjafa sem leiðbeindi okkur varðandi félags og tilfinningalæsi. Höfum við nýtt þau ráð í hinum ýmsu aðstæðum.

**Tækifæri til úrbóta:** Heilt yfir erum við mjög ánægð með hvernig gekk í vetur. Okkur tókst að ná flestum þeim markmiðum sem við settum okkur. Það má þó alltaf gera betur og þá helst í sambandi við Lubba. Okkur hefur ekki tekist nógu vel að nota Lubba námsefnið meira inn í daglegu starfi. Því munum við setja það inn í umbótaáætlunina. Hringekjan féll nokkuð oft niður eftir áramót af ýmsum ástæðum. Reynt var eftir bestu getu að bæta það svólítið upp á öðrum tímum og t.d. tók deildarstjóri stundum auka lubbastundir með eldri þegar yngri hópur fór í útinám og svo öfugt.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi	Að Lubbi verði meira í notkun í daglegu starfi.	Hafa máhljóð vikunnar sýnilegra. Syngja ljóðin við máhljóðið í söngstund alla vikuna. Hafa orð og stafi sýnileg fyrir foreldra við t.d. fataklefann	Allir á deild en deildarstjóri ber ábyrgð á að gera verkefni og námsefni tengt Lubba, eða færir það í hendur annars starfsmanns sem færi þá jafnvel á Lubbanámsskeið	Sept. 2023	Mai 2024	Á deildarfundum hálfsmánaðarle ga	Börnin læri Lubba vísurnar og orðin sem koma fyrir í textanum og við höfum ákveðið að nota í orðaspjall og hafa orðin sýnileg fyrir foreldra.

## Íslenska sem annað mál

Allir starfsmenn hafa verið virkir í að setja orð á hluti og athafnir og gefa sér tíma til spjalla við börnin með 10. mín. regluna bak við eyrað. Á deildarfundum höfum við sett okkur markmið og rætt hvaða börn þarf sérstaklega að einblína á hverju sinni. Við leggjum áherslu á að börnunum líði vel og upplifi sig örugg til að tjá sig. Mættum vera duglegri að skrá niður.

Við lesum á hverjum degi fyrir öll börn, höfum rýnt í barnahópin og reynt að skipta þeim eftir því hvar þau eru stödd hverju sinni. Börn sem hafa þurft að auka orðaforða hafa fengið auka stundir í málörvun þegar því hefur verið við komið. Reglulega kemur starfsmaður á leikskólanum og tekur tvítyngdu börnin og þau börn sem eru nýkomin í íslenskt umhverfi í einkastundir utan deildar. Allt hefur þetta eflt börnin.



**Tækifæri til úrbóta:** Þrátt fyrir að við höfum verið meðvituð um að nota 10 mínútu regluna og ákveðið hvaða börn skal efla hverju sinni höfum við ekki verið nógu dugleg að skrá niður

hvenær við tölum við eða lesum fyrir börnin eða framfarir. Eins var talsvert rætt um tákni með tali í kringum áramótin og byrjuðum við aðeins að nota það í upphafi árs 2023 en svo datt það svolítið upp fyrir. Þetta eru verkefni næsta skólaárs. Betri skráning og að skipuleggja tákni með tali og setja það meira inn í daglegt starf.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Íslenska sem annað mál.	Að efla skráningar varðandi 10 mínútna reglu og innleiða tákni með tali með markvissum hætti	Setja skýrt fram á deildarfundum hverjir þurfi mest á þessu að halda. Gera skráningarblöð sem deildarstjóri fylgist með að allir noti.	Allir á deild en deildarstjóri sér til þess að þessu sé framfylgt og á deildarfundum verður einn valinn til að halda utan um tákni með tali.	Sept. 2023	Maí 2024	Á deildarfundum hálfsmánaðarle ga	Að börn með íslensku sem annað mál fái sem allra mest út úr starfi deildar og leikskóla á faglegum grunni.

### 3.9 Álfaland

Álfaland endurmat og úrbætur 2022 – 2023

Á deildinni voru 20 börn þegar við byrjuðum skólaárið. Kynjahlutföllin voru stelpum í hag. Börnin voru fædd frá nóvember 2019 til lok júní 2020. Börn fædd 2019 voru 7 í þeim hópi voru 3 sérkennslubörn og 2 börn af erlendum uppruna. Á deildinni voru 3 starfsmenn í 100 % stöðu og einn sem vann 3 daga í viku. Auk þess var 1 leikskólasérkennari í 100 % stöðu og sinnti sérkennslu fyrir 2 börn með fjármagn sem samanlagt dekkjaði 100 % stöðu svo var starfsmaður í 75 % starfshlutfalli sem sinnti sérkennslu fyrir barn sem er með úthlutað 8 klst. á dag.

Stuðningsfulltrúinn sem var 3 daga minnkaði smá saman við fyrst í 2 daga svo einn og hætti svo alveg í nóvember. Annar stuðningsfulltrúi hætti í desember. Ráðið var inn 2 stuðningsfulltrúa í 100 % stöðu í staðinn. Annar þeirra hætti svo á reynslutíma. Þarna er ótalið fólkið sem byrjaði og hætti nánast samdægurs. Það var því nokkuð rót á starfsmannahópnum sem hafði áhrif á stöðuleika í starfinu. Annar sérkennarinn hætti einnig snögglega á miðjum vetri og engin kom í staðinn fyrr en um miðjan maí. Vöntun á starfsfólki á leikskólanum gerði það að loka þurfti deildum fyrst hálfan dag svo 2 x heilan dag.

Skólaárið bauð uppá margs konar áskoranir sem leystar voru eftir bestu getu og með góðri samvinnu. Eldri hópurinn fór aðra hvora viku í TBR sem var alltaf jafn skemmtilegt. Hina vikuna á móti fórum við í útinám. Hér á eftir kemur svo endurmat á starfi skólaársins.

**Læsi - hringekja**

Hringekja var sérþáttur í seinustu umbótaáætlun en er hér sett undir læsi. Marmiðið var að hún væri markvissari og að hópstjórar fengju tækifæri á góðum undirbúning. Framan af haust gekk þetta ágætlega en fór að halla undan fæti með mannekle síðar á skólaárinu. Við náðum þó að halda dampi með hringekju 1 x í viku stærri hlutann af skólaárinu. Börnin voru ekki látin



meta starfið en eins og áður sagði þá endaði deildin með að vera nokkuð ung börn og margt sem þurfti að taka tillit til. Við vorum með 3 hópa en skiptum



stundum upp í 4 hópa væri það hægt. Lubbi / málörvun , stærðfræði

og fínhreyfingar voru aðal áherslupættirnir . Þegar skipt var í 4 hópa var einn spilahópur sem var vel heppnað. Reyndist góð leið til að spila meir með börnunum.

Morgunsamverur gengu vel . Við skiptum þeim í 2 hópa til að byrja með voru börnin ekki með ákveðin sæti en við ákváðum svo að merkja hvar þau áttu að sitja í samverum með lubbabeinum. Það reyndist vel. Við sungum mikið en hefðum mátt vera duglegri með þulukennslu. Við lásum fyrir börnin fyrir hádegismat þar sem flest börnin fóru í hvíld og sofnuðu. Það má segja að það hafi verið óformlegri lestrarstundir ef börn voru vakandi eða sváfu stutt. Þá var tækifærið nýtt til að lesa fyrir minni hóp. Öll börn fengu að fara í eitt skipti í sögustund á bókasafninu. Það er alltaf vinsælt. Við merktum ekki húsbúnað eins mikið og til stóð en merktum stóla með lubbabeinum með nöfnum sem og skóhillur og snaga. Á deildinni voru lítil börn og mikið af merkingum fengu ekki að vera í friði.

**Tækifæri til úrbóta:** Á skólaárinu sérlega seinni hluta fór fram heilmikil vinna með læsisstefnu. Gerðar voru aldurskiptar söngbækur sem og aldurskiptir listar yfir þulur. Hugtakið flæðislestur var kynnt til sögunnar. Flæðislestur felur í sér að lesið er markvisst fyrir einstaklinga en ekki bara fyrir hópa af börnum. Við komust aldrei almennilega af stað með þetta nema þá ómarkvisst. Á næsta skólaári er tilvalið að byrja með þetta og einnig nýta söngbækur og þulur fyrir þann aldur sem verður á deildinni. Að hafa læsishvetjandi umhverfi er áframhaldandi umbótaþáttur.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Þulur</b>	Kenna a.m.k. 2 þulur á hvorri önn	Þulur hafðar myndrænar og kenndar í morgun-samveru	Starfsm. á deild ásamt deildarstj.	Sept	júní	Skrifleg áætlun gerð í upphafi skólaárs yfir hvaða þulur á kenna áætlun metin á deildarfundum	Kenndar hafa verið 4 þulur samkv. áætlun
<b>Flæðislestur</b>	Nýta bókakassa fyrir einstaklingslestur	Grípa börn á stundum þar sem ekki annað skipulag er	Allt starfsfólk	Ágúst	júlí	Lestur skráður á þar til gert eyðublað	Öll börn deildar hafi a.m.k. 1 x yfir vikuna fengið einstaklingslestur
<b>Læsis-hvetjandi umhverfi</b>	Sýnilegt ritmál á deild	Merkja sem mest af hlutum og húsbúnaði	Allt starfsfólk	Ágúst	Nóv	Deildarfundir nýttir til að fara yfir hvað er búið og hvað er eftir að merkja	Allur húsbúnaður á deild er merktur sem og dótakassar með mynd og texta í lok nóvember

## Útinám



Við fórum í útinám á móti TBR en eldri hópurinn á deildinni fór í TBR aðra hvora viku. Vegna samsetningar á hópnum fórum við ekki á opin svæði með börnin heldur nýttum rólóvöll í grenndinni og í heimsókn á annan leikskóla. Gróðursettum kartöflur um vorið og tókum svo upp í haust. Veturinn var óvenjukaldur því féllu niður nokkur skipti í útinámi. Það var of kalt fyrir svona lítil börn að vera úti lengi. Útinámið var því ekki mjög fjölbreytt en börnin höfðu gaman af að heimsækja róló og



ferðirnar á leikskólann Vinagarð í Laugardal voru ákaflega vel heppnaðar og vel til þess fallnar að þjálfar börnin í að labba aðeins lengri vegalengdir. Við finnum heilmikinn mun á börnunum varðandi göngupól frá því haust og þangað til núna. Stefnt er að því að reyna að fara lengri ferðir með vorinu og þá jafnvel að tvískipta hópnum svo auðveldara sé að hafa yfirsýn. Það reyndist vel að hafa útinám aðra hvora viku þannig að dagskrá barnanna sé ekki of hlaðin. TBR ferðirnar gengu vel og voru afskaplega vinsælar en kröfðust mannskaps vegna samsetningar á hóp. Það varð smá áskorun þegar sérkennari á deildinni hætti en fundin var lausn. Við vorum ekki nógu dugleg að leyfa börnunum að koma með að tæma endurvinnslukassa á deild. Því kjörið að setja það aftur sem umbótaþátt.

**Tækifæri til úrbóta :** Umsjónarmenn vikunnar tæmi endurvinnslukassa ásamt kennara einu sinni í viku sem leið til að efla umhverfisvitund og eiga samræður um tilganginn. Fjölbreyttara útinám væri gott sem og að nýta Laugardalinn í meira mæli og lengri ferðir sérlega ef hópurinn verður eldri á næsta skólaári. Einnig má samþætta námsgreinar eins og útinám og stærðfræði. Eða t.d hafa Lubbastund í útinámi.



UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lo ki ð	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Umhverfisvitund	Efla umhverfis vitund barna	Umsjónarmenn aðstoða við að tæma endurvinnsludalla deildarinnar	Allt starfsfólk	ág	júlí	Endurvinnslukassar tæmdir á föstudögum	Tómir endurvinnslukas sar í lok hverrar viku
Fjölbreytt Útinám	Fjölbreytt útinám sem börnin hafa gaman af	Leiksvæði formleg sem og óskipulögð í grennd kortlögð	Starfsmað ur á deild í samráði við Deildarstj óra	Sept	jún	Útinámsáætlun sett upp með það í huga að ekki sé farið á sama svæði mörgun sinnum	Útinámsáætlun stenst.
Samþætting	Samþætting námsgreina	Lubbi hafður með í ferðir og lubbahljóð tekin fyrir í samræmi við það sem við sjáum í umverfinu. Nýtum útinám einnig til kenna stærðfr. hugtök í a.m.k. annað hvort skipti	Deildarstj	Sept	jún	Mánaðarleg útinámsáætlun metin á deildarfundum	Áætlun stenst. Lubba og/ eða stærðfræði fléttað inn í útinámið a.m.k. annað hvort skipti.

## Íslenska sem annað mál



Málörvun var ekki alveg eins markviss og við ætluðum en 3 börn á deildinni voru með báða foreldra af erlendum uppruna og eitt barn var tvítyngt. Öll fengu þau þó stundir með málörvun sum meira en önnur. Eitt af þessum börnum var í sérkennslu og fékk því sína örvun að mestu þannig og þá óformlegra málörvun í starfinu inni á deild. Notuð voru



# Gefðu 10

Ekki bíða, byrjaðu strax!



Gefðu 10 er einvöld aðferð sem hefur verið notað í þessum skólum og er hún einn af mörgum verkefnum sem eru á dagskrá skólanna. Gefðu 10 er einvöld aðferð sem hefur verið notað í þessum skólum og er hún einn af mörgum verkefnum sem eru á dagskrá skólanna.

skráningarblöð að einhverju marki en hefði mátt gera betur. Hæfniráttur voru ekki notaðir því að ekkert af þessum börnum var nýkomið á leikskólann. Við sjáum þó miklar framfarir hjá erlendu börnunum í orðaforða. Mikill söngur á deildinni hefur einnig ýtt undir orðaforða. Ráðin var verkefnastjóri seinni hluta skólaárs sem kom og tók sum af þessum börnum í málörvun. Það er mikilvægt að unnið sé meira og markvissara með íslensku sem annað mál eigi það að vera áhersluþáttur hjá leikskólanum. Einnig

að það sé meiri áhersla á að samræma þá vinnu milli deilda. Það eru mikil sóknartækifæri í þessum þætti. Við notuðum 10 mín regluna ekki mikið með þessum börnum, hún var meira notuð með börnum er þurftu auka athygli t.d. út af hegðun. Þótt að 10 mín. reglan sé ekki einskorðuð við fjöltyngd börn þá er gott að nota hana með þessum hópi af börnum og fer því sem umbótaþáttur.

**Tækifæri til úrbóta:** Markvissar málörvunarstundir með einu 1- 2 börnum fer áfram í umbótaþátt. Einnig þarf að huga að skráningum svo að hægt sé að fylgjast með framvindu. Nýta 10 mín regluna ekki síst með börnum sem þurfa á málörvun að halda. Oft haldast líka tungumála örðuleikar og erfið hegðun í hendur. Með því að nýta 10 mín. regluna þá má slá 2 flugur í einu höggi.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?
Málörvun	Markviss málörvun	Kunnátta kortlögð t.d með Efi eða orðaskilum og málörvunarstundi r skipulagðar út frá því	Deildarstjóri ásamt starfsfólki	sept	júlí	Upphafsstaða könnuð og árangur metin og skráður reglulega
10 mín reglan	Markviss vinna	Starfsmenn skrá á eyðublað	Allt starfsfólk	Sept	júlí	Farið yfir skráningar á deildarfundum

## 4. Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2022-2023

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Tveir sérkennslustjórar voru í Langholti í vetur. Annar var með aðsetur í yngri barna húsinu og hinn í því eldra. Þeir skiptu með sér barnahópnum að nokkru leiti eftir aldri. Ákveðnir starfsmenn höfðu umsjón með sérkennslu þeirra barna sem það þurftu með aðstoð sérkennslustjóra. 3 börn voru í 1. flokki en 10 í 2. flokki.</p> <p>Sérkennslustjórar sinntu sérkennslu einstakra barna en þó aðallega ef það vantaði starfsmenn til að vera með umsjón. Sérkennslustjórar sáu líka um málörvunarvinnustundir með börnum sem voru t.d. með grun um málþroskaröskun og börn sem voru ekki komin með vald á íslensku. Einnig voru þeir reglulega inni á deildum og tóku þátt í starfi með starfsfólki og börnum.</p> <p>Unnið var mikið með börn inni á deildum en sum börn áttu erfitt með að læra í barnahópnum og fóru því í einstaklingsstundir.</p> <p>Skráningar vinnustunda voru mismunandi en samantektir voru gerðar reglulega. Sumir skráðu á eyðublöð en aðrir í stílabækur.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Matsgögn sem notuð voru í vetur voru TRAS, AEPS I og II, EFI-2 og Hljóm-2. Einnig fengu foreldrar heim Smábarnalistann og Íslenska Þroskalistann.</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b> Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Lubbi finnur málbein, Lærum og leikum með hljóðin, Málhljóðakassinn, ýmis borðspil, búin voru til verkefni úr hugmyndafrænni Skipulögð kennsla, sem heitir <i>The processing program 2nd edition</i> frá Super duper.</p>

### Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerði r til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangu r
<b>Sérkennslutey mi</b>	Myndun sérkennsl u-teymis	Hittast reglulega og veita stuðning og fræðslu.	Sérkennslu- stjórar og leikskólastjór i.			Tekin staðan um áramót og metinn fundarfjöldi og tímalengd.	Ef fundir ná að rúlla vel.

## 5. Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keypt voru spil og annað efni til að vinna með málörvun fyrir börnin. Einnig var ráðinn tímabundinn verkefnastjóri fjölmeningar sem sá um auka málörvunarstundir með sérstaka áherslu á orðaforða og skilning fyrir þennan hóp.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Útbúnir voru bókakassar sem voru flokkaðir eftir aldri. Markmiðið með þeim var að kennarar lesi fyrir einstaklinga og litla hópa. Í þessum kössum eru bækur sem eru í bland fyrir börn með góðan orðaforða og skilning og fyrir börn með slakan orðaforða og skilning. Notað er Gefðu 10 fyrir þau börn sem það þurfa. Lögð hefur verið áhersla á að vinna með myndrænt dagskipulag inni á öllum deildum og er því haldið að börnunum í gegnum dagana.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Verkefnastjóri fjölmeningar fékk til sín litla hópa barna og vann með orðaforða. Einnig unnu sérkennslustjórar með þessum börnum inni á deild. Þeir hittu litla hópa og lásu og voru með málörvun.

	Bókakassarnir voru einnig nýttir með það að markmiði að nota einfaldari bækur úr kössunum til lesningar fyrir þau börn sem þurfti að efla meira.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Fyllt var út í TRAS fyrir öll börn í leikskólanum og þannig fylgst með framförum. Ekki voru gerðar einstaklingsnámskrár fyrir öll erlend börn. Fyrir þau börn sem voru slökust og komu illa út á málþroskaprófum voru gerðar einstaklingsnámskrár sem deildir unnu eftir með aðstoð sérkennslustjóra.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Í Langholti er mikið lagt upp úr lestri, bæði einstaklingslega og fyrir hópa. Tekið er tillit til stöðu barna í skilningi og skipti í hópa eftir því. Börn fá aðstoð til að skilja með því að kennara nota myndir og myndrænt skipulag til að styðjast við málið. Í leikskólanum er verið að innleiða TMT og er það nýtt með öllum börnum, einnig er notað PECS við einstaka aðstæður með börnum sem eiga erfitt með tjáningu, hvort sem að er út af fötlun eða öðru. Unnið er með hljóðkerfisvitundina á öllum deildum, misjafnt eftir aldri þó. Ritmál er sýnilegt á flestum deildum og eru börn á elstu deildunum hvött til að æfa skrift eftir fyrirmynd eða sporun.

### Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Halda betur utan um	Fylla út fyrir öll fjöltyngd börn	Sérkennslusjúkari og leikskólastjóri.	Septem ber 2023	Júlí 2024	Farið yfir alla hæfniramm	Öll fjöltyngd börn



	málpros ka fjöltýng dra barna	hæfnir mana í íslensku og halda þeim við.				ana í lok annar.	sýni framfa rir í íslensk u.
--	---	---	--	--	--	---------------------	--

## 6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í byrjun maí. Lagt var upp með að hafa þau sem létt spjall milli starfsmanns og leikskólastjóra. Aðal áherslan var lögð á líðan í starfi og framtíðarsýn á áframhaldandi starf innan leikskólans. Unnið var úr þeim þegar hugað var að röðun á deildar fyrir næsta skólaár.

## 7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

### Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Börnin sem eru í Leikskólanum Langholti skiptast á milli tveggja skóla Langholtsskóla og Vogaskóla. Staðsetning heimila í hverfinu stýrir því hvor skólinn er valinn.

Markmið: Að börnin finni fyrir öryggi gagnvart grunnskólanum og frístund þegar þau flytjast milli skólastiga. Að þau kynnist nýju umhverfi og þeim börnum frá leikskólum hverfisins sem þau koma til með að vera með í Langholtsskóla. Að styrkja samstarf milli kennara leik- og grunnskóla hverfisins og auka innsýn í starfsvettvang hvers annars.

## 8. Foreldrasamvinna

Hér er starfandi foreldrafélag og sitja foreldrar úr stjórn þess einnig í foreldraráði.

Við funduðum ekki mjög reglulega síðasta vetur. Það eru virk samskipti inni á Facebook síðu stjórnar og hefur reynst vel að nýta hana í skipulag. Foreldrafélagið hefur tekið þátt í kostnaði við sumarhátíð og útskrift elstu barnanna.

Næsta haust verður kosið í nýtt foreldraráð. Leikskólastjóri boðar til fyrsta fundar og foreldraráð setur sér starfsreglur fyrir veturinn.

Foreldrasamtöl fara fram tvisvar sinnum á ári, haust og vorsamtöl. Einnig eru foreldrar nýrra barna boðuð í samtal áður en leikskóladvöl hefst.

## 9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar fyrir veturinn 2023- 2024

Fyrir áramót	Eftir áramót
8. september	15. apríl með grunnskóla
24. nóvember - með grunnskóla	26. apríl námsferð starfsmanna
	29. apríl námsferð starfsmanna
	17.maí – með grunnskóla

## 10. Fylgigögn

### 10.1 Fylgiskjal 1 Leikskóladagatal Langholts

F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning

# Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Langholt**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
# F	# S	# Þ	# F	# S	# M	# L	# S	# M	# F	# M	# M
# F	# M	# M	# L	# M	# F	# S	# M	# F	# L	# Þ	# F
# L	# Þ	# F	# S	# Þ	# F	# M	# Þ	# F	# S	# M	# F
# S	# M	# F	# M	# M	# L	# Þ	# M	# L	# M	# F	# L
# M	# F	# L	# Þ	# F	# S	# M	# F	# S	# Þ	# F	# S
# Þ	# F	# S	# M	# F	# M	# F	# F	# M	# M	# L	# M
# M	# L	# M	# F	# L	# Þ	# F	# L	# Þ	# F	# S	# Þ
# F	# S	# Þ	# F	# S	# M	# L	# S	# M	# F	# M	# M
# F	# M	# M	# L	# M	# F	# S	# M	# F	# L	# Þ	# F
# L	# Þ	# F	# S	# Þ	# F	# F	# F	# F	# S	# M	# F
# S	# M	# F	# M	# M	# L	# Þ	# L	# M	# M	# F	# L
# M	# F	# L	# Þ	# F	# S	# M	# F	# S	# Þ	# F	# S
# Þ	# F	# S	# M	# F	# M	# F	# M	# M	# M	# L	# M
# M	# L	# M	# F	# L	# Þ	# F	# L	# Þ	# F	# S	# Þ
# F	# S	# Þ	# F	# S	# M	# L	# S	# M	# F	# M	# M
# F	# M	# M	# L	# M	# M	# S	# M	# F	# L	# Þ	# F
# L	# Þ	# F	# S	# Þ	# F	# M	# Þ	# F	# S	# M	# F
# S	# M	# F	# M	# M	# L	# M	# M	# L	# M	# F	# L
# M	# F	# L	# Þ	# F	# S	# M	# F	# F	# Þ	# F	# S
# Þ	# F	# S	# M	# F	# M	# F	# F	# F	# M	# L	# M
# M	# L	# M	# F	# L	# Þ	#	# L	# Þ	# F	# S	# Þ
# F	# S	# Þ	# F	# S	# M	#	# S	#	# F	#	# M



Sumartökun leikskólans verður  
10. júlí - 7. ágúst 2024  
báðir dagar taldir með

Leikskólinn Langholt  
Virðing – Gleði - Vinátta

